FRÉTTABLAÐIÐ

132. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

frettabladid.is

FIMMTUDAGUR 8. JÚLÍ 2021

Valsmenn gerðu góða ferð til Króatíu í gær þrátt fyrir tap gegn Dinamo Zagreb 3-2 í fyrstu umferð Meistaradeildar Evrópu í fótbolta. Hannes Halldórsson, landsliðsmarkvörður, varði spyrnu Arijan Ademi á 82. mínútu í stöðunni 3-0 fyrir heimamenn. Kristinn Freyr Sigurðsson og Andri Adolphsson skoruðu mörk Valsmanna, sem eru enn inni í einvíginu. Það er búið að leggja niður útivallarreglurnar og því þarf Valur að vinna með einu marki á Valsvelli til að fara í framlengingu og með tveimur mörkum til að fara beint áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Mikill meirihluti telur illa staðið að málefnum eldri borgara á Íslandi

Mikill meirihluti telur að illa sé staðið að málefnum eldri borgara þegar kemur að hjúkrunarheimilum. Formaður LEB segir niðurstöðuna ekki koma á óvart.

birnadrofn@frettabladid.is

SAMFÉLAG 81,5 prósent telur frekar eða mjög illa staðið að málefnum eldri borgara á Íslandi þegar kemur að hjúkrunarheimilum, samkvæmt nýrri könnun sem unnin var af Prósenti, áður Senter rannsóknum, fyrir Fréttablaðið.

Niðurstöður könnunarinnar sýna að einungis 0,7 prósent svarenda telji að mjög vel sé staðið að málefnum eldri borgara þegar kemur að hjúkrunarheimilum og 6,4 prósent frekar vel. Úrtak rannsóknarinnar voru 2.500 einstaklingar átján ára og eldri og var svarhlutfall 60 prósent.

Fleiri konur en karlar telja frekar eða mjög illa staðið að málefnum eldri borgara á hjúkrunarheimilum eða 85 prósent svarandi kvenna á móti 77 prósentum karla.

Þegar litið er til aldurs telja tíu prósent svarenda á aldrinum 18-24 ára að mjög eða frekar vel sé staðið að málefnum eldri borgara þegar kemur að hjúkrunarheimilum og átján prósent taka ekki afstöðu til málefnisins í þeim aldurshópi. Í aldurshópunum 35-44 ára og 45-54 ára telja sex prósent að frekar eða vel sé staðið að málefninu.

Helgi Pétursson, formaður Landssambands eldri borgara (LEB), segir niðurstöður könnunarinnar ekki koma sér á óvart. „Það er bara verið að gefa frat í þetta kerfi," segir Helgi. „Það er eins og stjórnmálafólkið og krakkarnir sem eru að fara með peningana hérna fatti þetta ekki," bætir hann við og vísar til stöðu hjúkrunarheimila á Íslandi.

Hvernig er staðið að málefnum eldri borgara?



„Staða hjúkrunarheimila er vandamál sem hefur horft iskalt framan í okkur lengi, það eru allir búnir að benda á þetta vandamál og það er með ólíkindum að enginn ætli að taka á þessu," segir Helgi.

Spurður að því hvað sé til ráða til að bæta stöðu eldri borgara þegar kemur að hjúkrunarheimilum, segir Helgi að meðal annars þurfi að brúa bilið milli þess sem fólk býr enn heima hjá sér og á hjúkrunarheimili. Búseta á eigin heimili henti ekki öllum þó þeir þurfi ekki á hjúkrunarheimili. „Búsetuúrræði fyrir eldra fólk eru ekki nógu fjölbreytt."

Þá segir Helgi það geta verið kvíðavaldandi fyrir fólk að vita að þeirra „næsta stopp" sé hjúkrunarheimili þar sem fólk telji ekki vel staðið að málefnum þeirra. „Þetta getur valdið fólki miklum áhyggjum, sjálfur er ég 72 ára og ef ég á ekkert eftir nema þetta þá líst mér ekki á það," segir Helgi. ■

Wow flugvél forðum daga.

Ballarin vill nýtt nafn á þrotabúið

gar@frettabladid.is

VIÐSKIPTI Flugfélagið WOW air vill að þrotabú WOW air breyti um nafn enda hafi nafnið fylgt með eignum úr búinu. Lögmaður Michele Ballarin segist viss um að flugrekstrarbækur WOW séu í fórum Play.

Ballarin keypti margvíslegar eignir af þrotabúi WOW air í september 2019 fyrir 50 milljónir króna, þar með talið vörumerkið WOW air.

„Það er náttúrlega óskiljanlegt að þeir skuli vera að nota vöru sem er búið að selja," segir Páll Ágúst Ólafsson, lögmaður Michele Ballarin, sem keypti eignir úr þrotabúi WOW air og vill að þrotabúið hætti að nota nafnið WOW. SJÁ NÁNAR Á SÍÐU 4

Jaðarskattar leggjast á konur í meiri mæli. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Skattleggja konur sem vinna mikið

urduryrr@frettabladid.is

SAMFÉLAG Munur á vinnutíma karla og kvenna í fullu starfi er hvergi meiri en á Íslandi, af öllum löndunum innan Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD), samkvæmt nýrri skýrslu sem kynnt var í gær.

Konur í fullu starfi vinna tæplega tólf prósentum færri klukkustundir en karlar í fullu starfi hér á landi. Til samanburðar er munurinn aðeins tæp þrjú prósent í Svíþjóð.

Ein ástæða er að svokallaður jaðarskattur er svo hár hér á landi og leggist í meiri mæli á konur í sambúð. Það þýðir að yfirleitt er sameiginlegur persónuafsláttur nýttur að miklum hluta af aðalfyrirvinnunni, sem er gjarnan karl, og því lítill hvati fyrir konur til að vinna meira, sökum þess hve stór hluti teknanna fer í skatt. Sömu áhrif má sjá af tekjutengdum skerðingum á bótum. ■

Sirkussprell í Hljómskálagarðinum

Sirkushópurinn Sirkus Ananas skemmti gestum og gangandi með sýningu í Hljómskálagarðinum í gær, sem hluta af verkefninu Sumarborginni Reykjavík. Hópurinn ætlar að flakka um Reykjavík með sýningar í sumar, en í sýningunni mátti til dæmis sjá loftfimleika og djöggl auk annars fíflagangs. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Hlutastarfaleiðin dýrust á COVID-ári

benediktboas@frettabladid.is

23

milljarða tóku heimilin út úr séreignarsjóðum árið 2020.

FJÁRMÁL Hlutastarfaleiðin fól í sér mestan kostnað á árinu 2020 fyrir ríkiskassann. Fólk fékk 152 milljarða í aðstoð en fyrirtæki 24 milljarða. Stærstu rekstrartilfærslur ríkissjóðs voru til atvinnuleysistryggingasjóðs eða 80 milljarðar, sjúkratryggingar námu 44,5 milljörðum og félagsleg aðstoð 27,5 milljörðum. Þetta kemur fram í nýjasta hefti Hagsjár, sem gefin er út af Hagfræðideild Landsbankans.

Þar segir að skuldir ríkissjóðs hafi aukist um um það bil 20 prósent að nafnvirði í faraldrinum.

Útgjöld vegna atvinnuleysis rúmlega þrefölduðust á árinu 2020, og útgjöld vegna félagslegrar aðstoðar jukust um 12 prósent, segir í ritinu. Þá er bent á að í fyrra hafi orðið til ný tegund tilfærslna sem var stuðningur við fyrirtæki og nam sá liður um 24 milljörðum króna. Má segja að meginþorrinn af útgjöldum ríkissjóðs vegna faraldursins hafi tengst vinnumarkaðnum, segir í Hagsjá.

Alls greiddi ríkissjóður ríflega 23 milljarða vegna 36 þúsund einstaklinga á árinu 2020 vegna hlutastarfaleiðarinnar. Næst stærsti útgjaldaliður ríkissjóðs var greiðsla til starfsfólks á uppsagnarfresti, en styrkir vegna þessa námu um 12 milljörðum.

Þriðji stærsti útgjaldaliðurinn var svo tekjufalls- og viðspyrnustyrkir til fyrirtækja, segir í Hagsjá. ■

Verkjalyf og ofnæmislyf nú til sölu í Staðarskála

birnadrofn@frettabladid.is

Frá því í síðustu viku er hægt að versla lausasölulyf, eins og panodil og íbúfen í Staðarskála og sex öðrum almennum verslunum víðs vegar um landið. Ástæðan er ný lyfjalög sem tóku gildi um áramót.

SAMFÉLAG „Við erum bara mjög ánægð að geta boðið upp á þetta," segir Jón Viðar Stefánsson, rekstrarstjóri þjónustustöðva N1, en í síðustu viku hóf N1 í Staðarskála sölu á ýmsum lausasölulyfjum svo sem panodíl, íbúfeni og lóritíni.

Ný lyfjalög tóku gildi hér á landi þann 1. janúar síðastliðinn og fela þau meðal annars í sér að Lyfjastofnun er nú heimilt að veita undanþágu til sölu á lausasölulyfjum í almennum verslunum. Fram að því var einungis leyfilegt að selja hvers konar lyf í sérstökum lyfjabúðum.

Slíkar undanþágur má veita þar sem ekki er starfrækt apótek eða lyfjaútibú, til að undanþága fáist skulu vera að minnsta kosti tuttugu kílómetrar í næsta apótek.

„Næsta lyfjaútibú í nágrenni Staðarskála er á Hvammstanga í 35 kílómetra fjarlægð og því næst í Borgarnesi í 90 kílómetra fjarlægð, svo við sóttum um undanþágu vegna þessa," segir Jón Viðar. Þá segir hann söluna hafa farið vel af stað. „Það hefur selst alveg slatti."

Lyfin sem um ræðir eru ofnæmislyf, verkjalyf, nikótínlyf og þvagfæralyf og segir Jón Viðar starfsfólk Staðarskála hafa fengið fræðslu um lyfin og að starfsfólk yngra en átján ára annist ekki sölu þeirra.

„Þetta þarf að vera bak við afgreiðsluborðið og er í rauninni meðhöndlað eins og tóbak en þarf þó ekki að vera í lokuðum skáp," segir Jón Viðar. „Svo þarf starfsfólk að benda viðskiptavinum á fylgiseðilinn sem fylgir með og að þar komi allar upplýsingar um lyfið fram," bætir hann við.

Hægt er að fá panódíl, íbúfen og lóritín meðal annars. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> **Þetta þarf að vera bak við afgreiðsluborðið og er í rauninni meðhöndlað eins og tóbak.**

Jón Viðar Stefánsson rekstrarstjóri þjónustustöðva N1

Þá segir Jón Viðar miklar breytingar felast í nýju reglunum og að þær séu jákvæðar fyrir bæði fólk á ferðalagi og íbúa í nágrenni Staðarskála. „Við erum náttúrulega fyrst og fremst að þessu fyrir íbúana í Hrútafirði og nærsveitamenn. Þetta eru vörur sem geta hjálpað fólki," segir hann.

„Svo fyrir utan það þá stoppa hjá okkur núna svona sjö þúsund manns á dag og þessi lyf geta vel gleymst heima," segir Jón Viðar. „Lyfsalar úti á landi eru einnig oft lokaðir um helgar og þá bara kemst fólk ekkert í þessar vörur," segir Jón Viðar, en lyfjaútibúið á Hvammstanga er til að mynda einungis opið frá klukkan 11-16 virka daga.

N1 Staðarskála er ekki eina verslunin sem fengið hefur undanþágu til sölu lausasölulyfja í almennum verslunum eftir að nýjar reglur tóku gildi. Frá því í mars á þessu ári hafa sjö verslanir víðs vegar um landið tekið upp sölu slíkra lyfja, Hríseyjarbúðin, Búðin Borgarfirði, Kjörbúðin á Fáskrúðsfirði, Krambúðin á Flúðum og á Laugarvatni og bæði KS Ketilási og á Hofsósi. ■

Áfram stelpur!

Sjáumst um helgina á stærsta fótboltamóti sumarsins. Símamótið verður í beinni útsendingu á Síminn Sport. Fylgstu með í opinni dagskrá.

Allt eins og það á að vera á Símamótinu

Fimmmenningarnir fóru á fund borgarstjóra í ráðhúsi Reykjavíkur í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fimmmenningar og borgarstjóri vilja sannleikann

thorvaldur@frettabladid.is

SAMFÉLAG Fimmmenningarnir, sem sendu bréf til borgarstjórnar varðandi málefni vöggustofa, funduðu með Degi B. Eggertssyni, borgarstjóra, í gær. „Hann vill sannleika og réttlæti í mál sem er mjög stórt og mjög mikilvægt og snertir marga einstaklinga," sagði Hrafn Jökulsson, rithöfundur. Hann bætti við að þetta sé byrjunin á langri ferð. „Ég hlakka til þegar stund sannleikans kemur," sagði Hrafn.

Dagur sagði að fundi loknum með fimmmenningunum að hann fagni frumkvæði þeirra. Hann býst við að það verði skipaður hópur til að fara yfir þessi mál. „Já, ég á von á því en útfærslan á þessu er eitthvað sem er eftir og ég hét því á þessum fundi að við myndum hafa ákveðið samráð um það," segir Dagur. ■

Sjöfalt fleiri útlendingar á hótelum landsins

urduryrr@frettabladid.is

FERÐALÖG Tæplega 35 prósentum færri Íslendingar eyddu nótt á hótelum á Íslandi í júní 2021 miðað við júní í fyrra, samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar. Á sama tíma fjölgaði útlendingum sem gistu á íslenskum hótelum sjöfalt.

Gistinætur voru í heild tæp 158 þúsund í júní en rúmlega 90 þúsund árið áður. Til samanburðar voru gistinætur í júní 2019 rúmlega 420 þúsund.

Leiða má líkur að því að fleiri Íslendingar stefni á að eyða sumarfríinu erlendis nú þegar ferðafrelsið eykst. Rúmlega fimmfalt fleiri Íslendingar fóru um Keflavíkurflugvöll í maí 2021 en árið áður, eða 4.380 manns á móti 829. ■

Færri konur fara nú í meðferð á Vogi

birnadrofn@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Innlögnum á móttökugeðdeild fíknimeðferðar Landspítala hefur fjölgað úr 480 árið 2015 í tæplega 600 árið 2020. Þetta kemur fram í svari Svandísar Svavarsdóttur, heilbrigðisráðherra, við fyrirspurn Bryndísar Haraldsdóttur, þingmanns Sjálfstæðisflokksins, um innlagnir á Vog og móttökugeðdeild fíknimeðferðar Landspítala.

Á árunum 2015-2020 voru 62 prósent innlagðra á móttökugeðdeild fíknimeðferðar karlkyns og 38 prósent kvenkyns. Á sama tímabili hefur innlögnum kvenna fækkað verulega en innlögnum karla fjölgað. Árið 2016 voru innlagðar konur 238 talsins en árið 2020 voru þær 199.

Um 60 prósent innlagna á móttökugeðdeild fíknimeðferðar á Landspítala eru fyrstu innlagnir, en í svari heilbrigðisráðherra segir þó að einhverjir þeirra sem lagðir voru inn á deildina í fyrsta sinn gætu átt að baki fyrri innlagnir á „öðrum

Um 200 konur fóru inn á Vog í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

legudeildum geðþjónustu eða verið í þjónustu á dag- eða göngudeildum".

Á árunum 2015-2020 var hlutfall þeirra sem lagðir voru inn á Vog í fyrsta sinn um 50 prósent á hverju ári. Á síðasta ári var hlutfall fyrstu innlagna hjá bæði konum og körlum tæplega 25 prósent.

Mestur munur var á kven- og karlkyni árið 2019, þegar fyrstu innlagnir karla voru 27,7 prósent allra innlagna á Vog en hlutfall kvenna 23 prósent. ■

Vill að þrotabú WOW skipti um nafn

Flugfélagið WOW air vill að þrotabú WOW air breyti um nafn enda hafi nafnið fylgt með eignum úr búinu. Lögmaður Michele Ballarin segist viss um að flugrekstrarbækur WOW séu í fórum Play.

gar@frettabladid.is



Allra handa munir sem Michele Ballarin keypti úr þrotabúi WOW air eru nú í geymslu vestanhafs. MYND/AÐSEND

VIÐSKIPTI „ Ef þú selur bíl þá getur þú ekki reiknað með því að þú getir haldið áfram að nota hann," segir Páll Ágúst Ólafsson, lögmaður Michele Ballarin, sem keypti eignir úr þrotabúi WOW air og vill að þrotabúið hætti að nota nafnið WOW.

Ballarin keypti margvíslegar eignir af þrotabúi WOW air í september 2019 fyrir 50 milljónir króna, þar með talið vörumerkið WOW air. Páll segir að þess hafi verið krafist frá upphafi að þrotabúið hætti að nota WOW nafnið.

„Ég hef margoft ítrekað þetta en þeir ætla ekki að breyta nafninu," segir Páll, um viðbrögð skiptastjóranna sem stýra þrotabúinu.

„Það er náttúrlega óskiljanlegt að þeir skuli vera að nota vöru sem er búið að selja," bætir Páll við. „Sérstaklega í ljósi þess að það eru uppi áætlanir um að endurvekja þetta nafn á einhvers konar jákvæðum grunni og það er klárlega ekki til hagsbóta fyrir nafnið að það skuli þrotabú heita það sama."

Nafni félagsins Háutindar ehf., sem sótti um flugrekstrarleyfi á dögunum með vísan í flugrekstrarhandbækur hins horfna WOW air, var í gær breytt formlega í Flugfélagið WOW air ehf.

Að sögn Páls er var nafn og vörumerki WOW keypt til einkaréttarlegrar ráðstöfunar fyrir kaupandann. Hann segist ekki hafa hugsað svo langt hvað skuli til bragðs taka af skiptastjórar þrotabúsins neita að hætta notkun WOW nafnsins.

> **Við værum ekki á þessari vegferð ef við teldum ekki að þessi atburðarás hefði átt sér stað nokkurn veginn með þeim hætti sem ég hef lýst.**

Páll Ágúst Ólafsson, lögmaður Michele Ballarin.

„Ég trúi ekki öðru en að þeir muni breyta nafninu. Þetta er hvorki hjálplegt né gagnlegt og kann að vera skaðlegt," ítrekar lögmaðurinn.

Fyrir rúmum tveimur vikum sagði Fréttablaðið frá því að Páll óskaði eftir því að ellefu menn, sem tengjast WOW og flugfélaginu Play, yrðu boðaðir til svokallaðra vitnaleiðslna hjá Héraðsdómi Reykjaness.

„Þetta er heimilt að því gefnu að þú sýnir fram á að þú eigir lögvarða hagsmuni sem kunni að fara forgörðum verði ekki gripið til aðgerða með skjótum hætti. Það eina sem getur komið í veg fyrir þetta er það annars vegar að dómari telji að ekki sé um lögvarða hagsmuni að ræða sem þoli ekki bið, eða að dómari telji að um hugsanlega refsiverða háttsemi sé að ræða," útskýrir Páll.

Með vitnaleiðslunum vill Páll láta varpa ljósi á atburði sem tengjast þroti WOW air og stofnun Play.

„Það sem ég tel að hafi gerst er að einstaklingar innan WOW air, áður eða eftir að það fór í þrot, hafi tekið sér til handargagns flugrekstrarhandbækur ásamt viðeigandi fylgiskjölum – sem eru gríðarlega umfangsmikil – og afritað þau og að þessum skjölum hafi síðan verið eytt af drifum félagsins eða þrotabúsins," segir Páll.

Fram hefur komið að flugrekstrarhandbækurnar hafi ekki verið afhentar úr þrotabúinu enda virðist þær ekki að finna í búinu. Páll telur gögnin að finna í fórum Play-manna sem hafi hagnýtt sér handbækurnar sem Ballarin hafi greitt fyrir en fái ekki í hendur. Forstjóri Play hefur lýst þessu sem fjarstæðukenndu.

„Þeir hafa hafnað því en það er í sjálfu sér ekki flókið að komast að hinu sanna. Það væri hægt að taka flugrekstrarhandbækur ásamt fylgigögnum gamla WOW air – ef þær væri einhvers staðar að finna – og flugrekstrarbækur og fylgiskjöl Play og bera saman," segir Páll

„Við værum ekki á þessari vegferð ef við teldum ekki að þessi atburðarás hefði átt sér stað nokkurn veginn með þeim hætti sem ég hef lýst. Ég get ekki sagt hvernig ég veit það – en ég veit það." ■

Útsala
40-50%
afsláttur af öllum útsöluvörum
herra
GARÐURINN
-klæðir þig vel
KRINGLAN / SMÁRALIND
nýjar vörur frá
POLO
RALPH LAUREN

Útsala
40%
afsláttur af öllum útsöluvörum
Mathilda
Kringlunni
nýjar vörur frá
POLO
RALPH LAUREN
Útsala
40-50%
afsláttur af öllum útsöluvörum
COLLECTIONS
Geirsgata 4 - 5194490 - við Hafnartorg

nýjar vörur
Útsala
40%
afsláttur af öllum útsöluvörum
BOSS
HUGO BOSS
BOSS - KONUR MENN KRINGLUNNI 533 4242

Ríkisstjóri New York lýsir yfir neyðarástandi og hyggst berjast gegn þeirri aukningu sem hefur orðið á skotárásum að undanförnu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Fimm hundruð skotárásir yfir þjóðhátíðarhelgi Bandaríkjanna

urduryrr@frettabladid.is

BANDARÍKIN Rúmlega 230 manns voru drepnir og 618 særðir í skotárásum á þjóðhátíðarhelgi Bandaríkjamanna. Um fimm hundruð skotárásir áttu sér stað í heildina yfir helgina, sem voru þó 26 prósentum færri en árið á undan. Þetta kemur fram í frétt hjá CNN.

Byrjað var að aflétta takmörkunum vegna kórónuveirunnar fyrir þjóðhátíðarhelgina 2020 og hátíðin var haldin í skugga mótmæla vegna lögregluofbeldis eftir morðið á George Floyd. Þá helgi voru 314 drepnir og 751 særðir í skotárásum.

Í viðjum heimsfaraldursins færðist ofbeldi í meira magni inn á heimilin. Á sama tíma og heildarfjöldi skotárása jókst árið 2020 fækkaði fjöldamorðum og skotárásum í almenningsrýmum. Ekki hafa færri fjöldaskotárásir verið framdar á einu ári í aldarfjórðung, en þrátt fyrir það hefur aldrei heldur verið jafn mikil aukning á morðum á einu ári.

> Ekki hafa færri fjöldaskotárásir verið framdar á einu ári í aldarfjórðung.

Í frétt frá The Guardian er áætlað að fjögur til fimm þúsund fleiri morð hafi átt sér stað árið 2020 en árið 2019. Það er rúmlega 25 prósenta aukning milli ára. Þá þykir líklegt að meirihluta þeirra, að minnsta kosti þrjá fjórðu, megi rekja til skotvopna.

Árið 2020 var eitt versta ár svo áratugum skiptir hvað skotárásir varðar. Þrátt fyrir það hafa enn fleiri dáið í skotárásum frá janúar til maí 2021 en á sama tímabili árið á undan. ■

Jónsmessuhappdrætti Sjálfsbjargar

Dregið 24. júní 2021

Vinningar og vinningsnúmer

1. Ferðavinningur frá Icelandair að verðmæti kr. 1.500.000.-

22916

2.-5. Ferðavinningur Icelandair, hver að verðmæti 300.000.-

24371	32069	34468	41661

6.-20. Vöruúttekt hjá Samsungsetrinu, hver að verðmæti kr. 300.000.-

2990	4507	6466	9701	13007	13449	15320
15720	19152	27609	28088	30765	34625	34786
36396						

21.-70. Vöruúttekt hjá S4S, hver að verðmæti kr. 150.000.-

919	4327	4637	4654	5302	5833	6211
6477	7073	8538	8868	9073	9644	10402
10931	11963	11978	12222	13828	16186	17479
19964	20988	21685	22483	24305	24365	24456
25252	25547	26683	27032	29902	30582	30584
31154	32020	32608	35029	35059	35158	35591
36734	36824	37020	37154	37546	37647	40477
41860						

71.-130. Vöruúttekt hjá 66 Norður, hver að verðmæti kr. 150.000.-

68	1003	1438	1628	2753	2999	3002
3502	3518	5301	6501	6982	9120	9508
10312	13615	14093	15091	15253	16326	16523
17622	17722	18354	18608	18706	19533	20685
21222	21660	22065	22109	22372	22619	23362
25341	26033	26737	27583	28122	28157	28632
31234	31903	32814	32891	33024	34737	34982
35469	36339	38142	38592	38922	39967	40111
40608	40801	40962	41470			

Birt án ábyrgðar.

Handhafar vinningsmiða eru vinsamlega beðnir um að hafa samband við skrifstofu samtakanna í síma 5 500 360 eða á tölvupóstfangið info@sjalfsbjorg.is

Byrjað verður að greiða út vinninga þann **19. júlí 2021**

Vinningaskrá er einnig birt á vefsíðu samtakanna, www.sjalfsbjorg.is.

Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra þakkar landsmönnum veittan stuðning.

Margir sjónarvottar voru að skotárásinni í miðborg Amsterdam og gátu gefið lögreglu upplýsingar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Vries berst enn fyrir lífi sínu

Greiningardeild ríkislögreglustjóra hefur ekki orðið vör við ógn við líf og öryggi íslenskra blaðamanna á síðustu árum, en bendir þó á nýja skýrslu Europol. Hollenskur blaðamaður berst fyrir lífi sínu eftir skotárás í fyrradag.

adalheidur@frettabladid.is
og odduraevar@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Hollenski blaðamaðurinn Peter R. De Vries, sem skotinn var í höfuðið í Amsterdam í fyrradag, berst nú fyrir lífi sínu á sjúkrahúsi. Vries er einn fremsti blaðamaður Hollendinga.

„Hann var alvarlega særður og berst nú fyrir lífi sínu," hefur CNN eftir Femke Halsema, borgarstjóra Amsterdam.

„Ég man ekki eftir svona tilvikum hér hjá greiningardeildinni síðustu árin, sem við skoðuðum eitthvað frekar," segir Runólfur Þórhallsson yfirmaður greiningardeildar ríkislögreglustjóra um mögulega hættu sem blaðamönnum hér á landi kunni að stafa af brotamönnum sem þeir fjalla um. Runólfur segist hafa farið að velta þessu fyrir sér vegna fréttanna frá Hollandi, en greiningardeildin hafi ekki fengið upplýsingar um slíka hættu hér á landi á síðustu árum.

Árásir á blaðamenn eru þó ekki óþekktar á Íslandi. Til að mynda var Jón Trausti Lúthersson dæmdur fyrir að ráðast á Reyni Traustason, þáverandi blaðamann DV, í október 2004. Jón Trausti hafði ráðist í félagi við tvo menn inn á ritstjórnarskrifstofur dagblaðsins þar sem Jón Trausti réðist á Reyni, keyrði hann upp að vegg, tók hann hálstaki og herti að. Hlaut Jón Trausti tveggja mánaða fangelsisdóm fyrir árásina.

Í nýlegri könnun alþjóðlegs rannsóknarhóps, sem framkvæmd var meðal íslenskra blaða- og fréttamanna, sagðist aðeins rúmlega helmingur blaðamanna aldrei hafa verið ógnað eða fengið hótanir starfs síns vegna. Fjallað er um niðurstöður könnunarinnar í nýjasta hefti Blaðamannsins, tímarits Blaðamannafélagsins.

Þótt Runólfur minnist ekki sérstakra tilfella um hættu sem blaðamönnum kunni að vera búin, bendir hann á nýja skýrslu Europol um alvarlega, skipulagða brotastarfsemi (e. Serious organized crime), en kaflar í þeirri skýrslu hafi vakið lögregluna til umhugsunar um ógnir af þessu tagi.

„Í henni eru kaflar um hættuna af spillingu og eitt af því sem þar er fjallað um eru stéttir sem eru „targetaðar", þar á meðal eru blaðamenn," segir Runólfur. Í skýrslunni sé sérstaklega fjallað um fólk í réttarkerfinu sem stafi ógn af glæpafólki og einnig fólki í fjölmiðlum, sem hins svokallaða fjórða valds.

Hollenska lögreglan hefur tvo menn í haldi sem grunaðir eru um að vera viðriðnir árásina á De Vries í gær. Annar er 21 árs hollenskur maður frá Rotterdam en hinn 35 ára frá Póllandi.

Húsleit fór fram á þremur stöðum í Amsterdam vegna rannsóknarinnar og lagði lögregla hald á bæði tölvugögn og byssukúlur. Upphaflega handtók lögregla 18 ára íbúa á einum staðnum en honum hefur verið sleppt.

> Ég man ekki eftir svona tilvikum hér hjá greiningardeildinni síðustu árin, sem við skoðuðum eitthvað frekar.
>
> Runólfur Þórhallsson yfirmaður greiningardeildar ríkislögreglustjóra.

Hinn 64 ára gamli De Vries hlaut alþjóðleg Emmy-verðlaun fyrir fréttamennsku árið 2008 fyrir umfjöllun sína um hvarf táningsins Natalee Holloway á Aruba þremur árum fyrr.

Fram kemur í frétt CNN um málið að De Vries hafi oft borist hótanir vegna umfjöllunar sinnar. Árið 2013 var mannræninginn Willem Holleeder, betur þekktur sem Heineken mannræninginn, sakfelldur fyrir morðhótanir í garð blaðamannsins. Sá maður situr í fangelsi vegna fimm morða.

Fjölmargir hafa fordæmt árásina á De Vries, þeirra á meðal meðlimir konungsfjölskyldu Hollands, forsætisráðherra landsins og borgarstjóri Amsterdam. Þá sagði Charles Michael, forseti Evrópuráðsins, að árásin væri glæpur gegn blaðamennsku og árás á lýðræðið. „Við munum án afláts halda áfram að verja frelsi fjölmiðla." ■

Bandaríkjamenn skildu allt eftir

benediktboas@frettabladid.is

AFGANISTAN Bandaríkjamenn flugu burt frá Bagram herstöðinni í síðustu viku, eftir 20 ára veru í Afganistan. Samkvæmt hershöfðingja í afganska hernum skildi sá ameríski allt sitt hafurtask eftir. Allt frá kassagíturum til sprengjubíla. Tugir þúsunda orkudrykkja voru skildir eftir og fjölmargir bílar, frá örlitlum smábílum til risastórra ameríkskra pallbíla.

Í frétt BBC um málið segir að það sé eins og herinn frá Ameríku hafi fengið skyndilegt boð um að standa upp og halda heim á leið, því téður hershöfðingi frétti ekki af brotthvarfi Bandaríkjamanna fyrr en nokkrum klukkustundum eftir að hann var farinn. Herinn mundi reyndar eftir að slá rafmagnið út.

Afganskur hermaður í ameríkskum hægindastól horfir dreymandi á ameríkst sjónvarp í fjarska. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem herinn skilur rusl eftir sig, en nærtækasta dæmið er málefni Heiðarfjalls á Langanesi þar sem bandarískt herinn skildi eftir mikið magn spilliefna fyrir rúmri hálfri öld.

Landeigendur þar á bæ hafa þrýst mikið á að fá bandarískra herinn til að hreinsa rafgeyma, olíu, blý og annan úrgang sem skilinn var eftir, eftir að Bandaríkjaher hætti rekstri ratsjárstöðvar á fjallinu Sú nefndist H-2 og var tekin í notkun árið 1957 en lögð niður árið 1970. ■



Viktor & Rolf fæst í Kringlu, Smáralind, Garðabæ og Akureyri.

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VIKTOR&ROLF
ILMUM DAGANA 8. - 14. JÚLÍ

HAGKAUP
Snyrtivara

Tekjujöfnuður stóð í stað í Covid

Á árinu 2020 var almennt svipuð tekjuþróun hjá þeim sem höfðu frá lægri millitekjum og upp að háum tekjum í heimsfaraldri. Hækkuðu tekjurnar um ríflega þrjú prósent á milli ára.

helgivifill@frettabladid.is

Tekjujöfnuður þeirra sem beið í röð eftir að fá bóluefni gegn COVID-19 var óbreyttur þrátt fyrir djúpa kreppu.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Þrátt fyrir ítrekaðar yfirlýsingar og spádóma, til að mynda frá sérfræðingahópi ASÍ, er litlar sem engar vísbendingar að finna um vaxandi ójöfnuð á síðasta ári. Síðustu ár hefur tekjujöfnuður heldur aukist, en hann stóð nokkurn veginn í stað á síðasta ári. Þetta segir Konráð S. Guðjónsson, aðstoðarframkvæmdastjóri, og vísar í ný gögn frá Hagstofunni um tekjur einstaklinga á árinu 2020.

Samkvæmt samantekt Viðskiptaráðs jukust tekjur þeirra sem stóðu í miðri tekjudreifingunni um 3,9 prósent á milli ára og kaupmáttur launanna jókst um eitt prósent á árinu 2020. Almennt virðist þróun frá lægri millitekjum og upp að háum tekjum afar svipuð. Hækkuðu um ríflega þrjú prósent á milli áranna 2019 og 2020.

Samsetning teknanna breyttist þó verulega vegna heimsfaraldursins þar sem launahækkanir, bótagreiðslur og útborgun séreignarsparnaðar vógu á móti lækkun fjármagnstekna og atvinnuleysi. Aðrar tekjur, sem innihalda til dæmis bótagreiðslur, hafa aldrei verið jafn hátt hlutfall af tekjum landsmanna.

Halla Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri ASÍ, segir að skýrsla sérfræðingahóps ASÍ og BSRB um ójöfnuð líti ekki eingöngu til dreifingar tekna, enda birtist ójöfnuður ekki bara í tekjuójöfnuði. „Líkt og fram kemur í skýrslunni er enn ekki ljóst hvaða áhrif COVID-kreppan mun hafa á þróun ójöfnuðar á Íslandi. Kreppur verða hins vegar almennt til þess að auka á ójöfnuð og það eru ýmsir áhættuþættir sem ber að líta til og takast á við. Vitað er að á meðan kaupmáttur launa hefur almennt aukist hefur atvinnuleysi orðið meira en nokkru sinni fyrr í nútímasögu Íslands. Atvinnuleitendur upplifa að meðaltali um 36 prósenta tekjufall á fyrstu mánuðum atvinnuleysis. Spár gera ráð fyrir áframhaldandi atvinnuleysi í hærri hæðum en við höfum átt að venjast á Íslandi og enn eru yfir sex þúsund manns í flokki langtímaatvinnulausra. Að óbreyttu ýtir þetta ástand undir ójöfnuð," segir hún.

Anna Hrefna Ingimundardóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins, segir að þrátt fyrir getgátur um að ójöfnuður hafi aukist í samdrættinum þá virðist opinber gögn ekki styðja þá sýn. „Raunar virðist sem eignajöfnuður hafi aukist milli áranna 2019 og 2020 og tekjujöfnuður staðið í stað miðað við gögn úr skattframtölum. Það þarf þó að varast að draga víðtækar ályktanir út frá gögnunum þar sem ýmis mikilvæg púsl vantar í myndina, svo sem lífeyriseignir landsmanna.

Ójöfnuður virðist ekki vera sérstakt vandamál hér á landi. Ísland hefur komið einstaklega vel út í öllum samanburði hvað það varðar hvort sem horft er til Gini-stuðulsins, sem ætlað er að mæla ójöfnuð sérstaklega, fátæktar, eða hlutfalls íbúa sem býr við skort á efnislegum gæðum. Á alla þessa mælikvarða stöndum við fremst meðal þjóða og hefur þróunin að auki verið í átt til aukins jöfnuðar og minni fátæktar undanfarin ár. Rétt eins og hin Norðurlöndin verjum við einnig töluvert meiri fjármunum til félagsverndar en önnur ríki á Evrópska efnahagssvæðinu og hafa þau útgjöld aukist talsvert síðastliðin ár," segir hún.

Gunnar Bjarni Viðarsson, hagfræðingur hjá Arion banka, segir það jákvætt að þrátt fyrir miklar efnahagsþrengingar sem rekja megi til COVID-19 heimsfaraldursins hafi ekki orðið miklar tilfærslur þegar litið sé til tekjujöfnuðar. Það sé „ákveðinn gæðastimpill á aðgerðirnar sem gripið var til" af hálfu hins opinbera til að milda höggið sem varð á efnahagslífið.

Hann bendir þó á að meðaltöl segi ekki alla söguna, þau varpi til dæmis ekki ljósi á aðstæður fólks sem falli utan þeirra. Það hefði verið verra ef það hefðu orðið miklar breytingar á þessum mælikvarða til viðbótar við tilfærslur sem meðaltöl nái ekki utan um.

Konráð segir að helstu frávikin í launaþróun einstaklinga á milli áranna 2019 og 2020 séu hjá þeim sem séu með eitt prósent hæstu tekjurnar, sem lækkuðu og megi væntanlega rekja til lægri fjármagnstekna, og lægstu tíu prósentanna. Þar sé um að ræða afar lágar heildartekjur eða um 166 þúsund krónur á mánuði. Þeir sem séu á svo lágum launum séu væntanlega að megninu til námsmenn en lækkunin gæti skýrist af minna framboði af hlutastörfum.

Halla segir að lægri tekjuhópar hafi tekið þyngsta tekjufallið þegar komi að atvinnutekjum. Það sé í takti við fyrri greiningar sérfræðingahóps ASÍ og BSRB. „Þróun heildartekna hefur verið með öðrum hætti og þar spilar ýmislegt inn í, til dæmis atvinnuleysistryggingar og lenging tekjutengingar bóta, auk ýmissa aðgerða sem ráðist var í til að milda höggið af kreppunni. Þá þarf að líta til þess að lægri tekjuhópar og ekki síst atvinnulausir, hafa þurft að taka út séreignarsparnað sinn til að takast á við tekjufallið, sem minnkar ójöfnuð í heildartekjum en dregur úr framtíðartekjum á meðan betur settir hópar byggja upp sparnað. Velferðarkerfið, launahækkanir Lífskjarasamninga og aðgerðir sem ASÍ hefur barist fyrir hafa mildað höggið gagnvart lægri tekjuhópum. " ■

Aukist á tíu árum

Konráð S. Guðjónsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, segir að undanfarinn áratug hafi tekjujöfnuður aukist. Tekjur þeirra sem séu við efri mörk lægstu tekjutíundar hafi aukist um 22 prósent meira en hjá öðrum að meðaltali, en tekjur þeirra sem séu við neðri mörk efsta eins prósentsins hafi lækkað um átta prósent í hlutfalli við aðra og hafi þannig aldrei verið lægri.

Aðspurður segir hann að áhrif þess að lægstu launin hafi hækkað mun meira en hærri laun sjáist víða. Fyrirtæki nýti tæknilausnir í meira mæli til að auka rekstrarhagræði og nefnir að það sé ekki tilviljun að hérlendis sé verðbólgan mest í Evrópu á sama tíma og hér séu mestu launahækkanirnar. Launahækkanirnar séu að leka inn í verðlagið.

Spurður hvort miklar launahækkanir hjá þeim sem lægst hafa launin dragi úr ábata af háskólamenntun segir hann að gögnin frá Hagstofunni hafi ekki aðgreint tekjur eftir menntun fólks. Haldi sú þróun áfram gefi það auga leið að það muni ekki borga sig að afla sér menntunar. Það sé staða sem við viljum ekki vera í.

Heildartekjur einstaklinga við tíundamörk*

Hlutfall af meðaltekjum



*Tíundamörk segja til um að ákveðið hlutfall framteljenda sé með lægri tekjur.

HEIMILD: VIÐSKIPTARÁÐ, HAGSTOFA ÍSLANDS

> Ójöfnuður virðist ekki vera sérstakt vandamál hér á landi.

Anna Hrefna Ingimundardóttir, forstöðumaður hjá SA.

Væntir mikils af eignasafni Sjóvár

thorsteinn@frettabladid.is

Greiningarfyrirtækið Jakobsson Capital hefur hækkað verðmatsgengi tryggingafélagsins Sjóvár um sjö prósent. Verðmatsgengið stendur í 39,4 krónum á hlut sem er tæplega 17 prósentum yfir núverandi markaðsgengi.

„Afkoma Sjóvár á fyrsta ársfjórðungi jaðraði við að vera vandræðaleg," segir í verðmati Jakobsson Capital, sem vísar til þess að afkoman hafi verið langt yfir væntingum stjórnenda Sjóvár og greiningarfyrirtækisins.

Hagnaður Sjóvár fyrir skatt nam 2.208 milljónum á fyrsta ársfjórðungi 2021 samanborið við 465 milljónir króna á sama ársfjórðungi árið áður. Arðsemi eiginfjár eftir skatt á fyrsta ársfjórðungi nam 39,4 prósentum.

„Viðbúið var að það yrði metsett hlutfall á að ganga eftir.

> Mikill hagnaður mun verða af rekstri fjárfestingarhluta tryggingafélaganna í ár.

hagnaður af fjárfestingarekstri líkt og hjá öllum tryggingafélögunum á tímum methækkana á hlutabréfamarkaði. Afkoma tryggingarekstrar kom þó mest á óvart," segir í verðmatinu.

Hagnaður var af tryggingarekstri upp á 556 milljónir króna á fyrsta ársfjórðungi og samsett hlutfall 91,6 prósent. Greinandinn bendir á að fyrsti ársfjórðungurinn sé jafnan sá þyngsti í rekstri tryggingafélaga og því þurfi „óheppnin að elta Sjóvá" ef spá félagsins um 92 prósenta sam-

„Mikill hagnaður mun verða af rekstri fjárfestingarhluta tryggingafélaganna í ár, segir jafnframt í verðmatinu.

Stærstu hlutabréfastöður Sjóvár eru í Arion banka og Marel, en hlutabréf bankans hafa hækkað gríðarlega á öðrum ársfjórðungi.

„Vel um 60 prósent af eignasafni Sjóvár er í skuldabréfum sem hafa átt lakara gengi að fagna vegna væntanlegra vaxtahækkana. Á móti kemur að ekki er útlit fyrir neikvæð áhrif vöxtunar í ár."

Af þeim sökum gerir greiningarfyrirtækið ráð fyrir miklum hagnaði af fjárfestingum annað árið í röð hjá Sjóvá. Samtals er gert ráð fyrir að hagnaður fjárfestingarhluta Sjóvár nemi 3.594 milljónum króna í ár. Til lengri tíma er þó gert ráð fyrir að hagnaður Sjóvár af fjárfestingarekstri nemi um 2 milljörðum á ári. ■

Ný sending af HEAD hjólum

Head Trenton I
Carbon. Shimano Deore 1x12
249.995,-

Head Trenton Lady
Carbon. Shimano Deore 1x12
249.995,-

Head Troy II
27.5". Shimano TX 2x8
74.995,-

Head Granger
29". Shimano Altus 2x9
85.995,-

Head Adapt Edge II
Carbon. Shimano Deore 1x12
499.995,-

Head Granby
Rafhjól. Shimano STEPS E5000
329.995,-

Head I-Peak II Women
28". Einnig til í herra
89.995,-

Head Revelo II Women
28". Einnig til í herra
99.995,-

Kíktu á úrvalið á everest.is

FISCHER · RUDY PROJECT · STEVENS BIKES · KV+ · alpina · swix · Vango · HEAD · Everest

Skeifunni 6 | 108 Reykjavík | Sími: 533 4450 | everest.is | everest@everest.is | facebook.com/everestverslun

Horft ofan í innanvert Ásbyrgi og Botnstjörn. Klettaveggirnir eru allt að 100 m háir.

MYND: DAGNÝ HEIÐDAL

Hóffar Sleipnis

Tómas Guðbjartsson, hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi.

Ólafur Már Björnsson, augnlæknir og ljósmyndari.

Ein stórkostlegasta náttúrusmíð á Íslandi er Ásbyrgi í Öxarfirði, 3,5 km löng og 1,1 km breið hamrakví þar sem þverhníptir klettaveggirnir eru allt að 100 m háir. Í miðju Ásbyrgi er síðan 2 km löng og 250 m breið hömrum girt eyja sem klýfur það í tvennt og heitir einmitt Eyja. Úr lofti líkist skeifulaga Ásbyrgi því risastóru hóffari sem norræn goðafræði segir Sleipni, áttfættan hest Óðins, hafa skilið eftir sig þegar hann skeiðaði yfir heiminn. Jarðbundnari vísindamenn segja Ásbyrgi hins vegar gamlan árfarveg Jökulsár á Fjöllum, sem gróf gljúfrin ofan í lagskipt dyngjuhraun í hamfaraflóðum fyrir 8-10 og 3 þúsund árum síðan. Skóp áin um leið risafoss innst í Ásbyrgi og þar sem hylur hennar var er í dag einkar snotur Botnstjörn. Jökulsá breytti síðar um farveg til austurs og yfirgaf Ásbyrgi, sem í dag hýsir hávaxinn skóg þar sem skjólið af hamraveggjunum býr til athvarf fyrir gróður og fugla.

Ásbyrgi er hluti af Vatnajökulsþjóðgarði en Jökulsárgljúfur voru friðlýst sem þjóðgarður árið 1973. Í Ásbyrgi og norðanverðum Jökulsárgljúfrum eru frábærar gönguleiðir sem ættu að höfða til allra. Við mynni byrgisins er stórt tjaldstæði og gestastofa Vatnajökulsþjóðgarðs, Gljúfrastofa, þar sem upplagt er að fá upplýsingar um svæðið og hefja gönguna. Auðveld gönguleið liggur inn að Botnstjörn og önnur slík upp á Eyjuna. Lengri 12 km leið er svokallaður Kúahvammshringur. Þá er farið upp á austanverðan gljúfurbarminn með því að styðjast við kaðal og stiga í Tófuklif og síðan gengið meðfram barminum að svokölluðum Klöppum. Þarna býðst besta útsýnið yfir Ásbyrgi en einnig má þarna sjá stóra skessukatla í gömlum farvegi Jökulsár. Auðvelt er að sjá fyrir sér þegar áin steyptist 100 m fram af brúninni í risafossi sem var helmingi hærri og miklu vatnsmeiri en Dettifoss í dag. Hægt er að ganga sömu leið til baka, en skemmtilegra er að ganga austur yfir gróðurvana heiði uns komið er að Jökulsá og iðjagrænum skógi við Kúahvamm. Gljúfrunum er fylgt áfram norður að Gilsbakka og Ástjörn og þaðan aftur að þjónustumiðstöðinni. Ein af stórkostlegustu gönguleiðum á Íslandi liggur að Ásbyrgi frá Dettifossi, meðfram Jökulsárgljúfrum í gegnum Hólmatungur og Hljóðakletta. Þessa 32 km leið má einnig hjóla eða hlaupa á tveimur jafn fljótum, þótt varla náist sami hraði og hjá áttfættum Sleipni forðum. ■

Ásbyrgi er skeifulaga gróðurvin sem úr lofti líkist hóffari sem norræn goðafræði segir eftir Sleipni, áttfættan hest Óðins.

MYND: ÓMB

Á heiðinni ofan Ásbyrgis eru fallegar sorfnar bergmyndanir.

MYND: SIGRÚN HALLA HALLDÓRSDÓTTIR

HÁGÆÐA ÚTIVISTARFATNAÐUR

Fyrir íslenskt veðurfar

FUTURELIGHT er ný vatnsheld öndunarfilma hönnuð af The North Face sem hentar einstaklega vel fyrir íslenskar aðstæður. FUTURELIGHT er byltingarkennd tækni sem heldur notandanum þurrum, ver hann fyrir náttúruöflunum og hleypir út líkamsraka.

THE NORTH FACE

FUTURELIGHT

ÚTILÍF

síðan 1974

KRINGLUNNI · SMÁRALIND

utilif.is

Gegn Degi

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

Því verður ekki á móti mælt að Dagur B. Eggertsson hefur verið einkar farsæll borgarstjóri, enda er hann í grunninn velviljaður og réttsýnn maður. Þessi staðreynd gerir pólitískum andstæðingum hans vissulega erfitt fyrir, en þar sem þeir eru reknir áfram af heift finnst þeim uppgjöf ekki vera í boði. Þeir draga því ekki af sér í gagnrýni sem er nær ætíð áberandi vanstillt. Fyrir vikið eru hörðustu gagnrýnendur borgarstjórans stöðugt að skjóta sig í fótinn.

Vissulega er hinn vel meinandi borgarstjóri ekki hafinn yfir gagnrýni, en þegar hún er stöðugt í formi skítkasts þá er ekki mögulegt að taka mark á henni. Það er til dæmis dapurlegt að horfa stöðugt upp á einstaklinga innan minnihlutans í borgarstjórn missa stjórn á sér í þráhyggjukenndum hugmyndum um að Dagur B. Eggertsson sé eyðileggingarmaskína og koma þurfi borgarbúum í öruggt skjól fyrir honum og hans vondu verkum. Enginn hefur stundað þessa pólitík af jafn miklu offorsi og Vigdís Hauksdóttir, borgarfulltrúi Miðflokksins. Aðrir tölta á eftir henni, þar á meðal Sjálfstæðismenn.

Vitað er að Sjálfstæðismenn þrá heitt að komast til valda í borginni, en málefnabarátta flokksins í borginni er svo aum og innihaldslítil að nær útilokað er að draumurinn rætist. Helsta von Sjálfstæðismanna hlýtur að felast í Hildi Björnsdóttur sem stundar alvöru pólitík, hún er glögg og rökföst og ólíkt öðrum fulltrúum flokksins í borginni, er hún ekki stöðugt að búa til æsing og djöflast í borgarstjóra.

Talandi um að skapa æsing þá verður ekki komist hjá því að nefna innlegg Bolla Kristinssonar kaupmanns í baráttunni gegn borgarstjóra. Í langan tíma hefur Bolli kostað auglýsingar þar sem Dagur B. Eggertsson er sakaður um að vera að eyðileggja Laugaveg og Skólavörðustíg með götulokunum og hrekja þaðan veitingamenn og verslunareigendur. Hann er einnig sakaður um að hafa grætt lítil börn í hruninu, jafn langsótt og það nú hljómar.

Nú er Bolla Kristinssyni vitanlega frjálst að nota fjármuni sína að eigin vild. En vissulega þætti manni betra að hann notaði þá til uppbyggingar á einhverjum sviðum, fremur en að þylja upp bull í tíma og ótíma og ala á óvild í garð borgarstjórans. Ekki verður horft fram hjá því að áróðri sínum á Bolli stuðningsmenn sem hafa hátt. Eiginlega má segja að þeir spúi út úr sér hatri og heift í hvert sinn sem þeir heyra nafn borgarstjórans.

Hver sá sem gengur Laugaveg og Skólavörðustíg nú í júlímánuði kemst ekki hjá því að sjá að blómlegt mannlíf þrífst þar. Veitingastaðir iða af lífi, vegfarendur eru iðnir við að kíkja í verslanir og fólk tyllir sér niður á bekki og rabbar saman. Á þessum stöðum er ekkert pláss fyrir bílaumferð, enda á hún alls ekki heima í miðborgum. Þeir sem sakna hennar eru illa haldnir af fortíðarþrá og eru að afneita nútímanum. Ef þeir endilega vilja geta þeir haldið áfram að berja höfðinu við steininn. Þeir hinir sömu ættu hins vegar snarlega að hætta ofsafengnum árásum sínum á Dag B. Eggertsson, enda eru þær þeim til lítils sóma. ■

> Eiginlega má segja að þeir spúi út úr sér hatri og heift í hvert sinn sem þeir heyra nafn borgarstjórans.



Halldór

Frá degi til dags

toti@frettabladid.is

Goslokasorg
Þjóðarsálin hefur lagað sig þannig að skrykkjóttum gusuganginum í gosinu í Geldingadölum að hann er farinn að hafa merkjanleg áhrif á þjóðarsálina. Þeir sem beintengja eldgosið endurlífgun ferðaþjónustunnar eru vitaskuld með böggum hildar og hanga í voninni um að goshléin verði stutt og að ósköpin muni standa í áratugi fyrir hagvöxtinn, á meðan þeir sem láta sig samgöngumannvirki og innviði varða óska þess að hraunið fari að snöggkólna.

Nytsamir fávitar
Fátt er þó svo með öllu illt og rétt eins og vitlaus klukka slysast til þess að vera rétt tvisvar á dag, gætu sjálfhverfu grínararnir sem gera sér að leik að glenna sig fyrir framan vefmyndavél RÚV á gosstöðvunum óvart réttlætt tilveru sína við goslok. Svo mjög hefur þetta lið stuðað gosáhugafólk heima í stofu að það sameinaðist í tæplega 7.000 manna Facebookhóp, Fávitavarpið í Geldingahrauni, þeim til höfuðs. Á meðan gígurinn er til friðs eru fávitarnir enn á sveimi og hafðir að skotspæni á Facebook fyrir að vera „allir þessir að leita að gosi.“ Þannig að ekki verður af fávitunum tekið að beina vefútsendingin yrði enn dauflegri án þeirra. ■

Athafnafrelsi og umhverfisvernd

Hanna Katrín Friðriksson
þingflokksformaður Viðreisnar.

Frelsi til athafna er eitt helsta einkenni frjálslyndra samfélaga. Hlutverk stjórnvalda er að skapa umgjörð þar sem frelsið nýtur sín til hagsbóta fyrir samfélagið í heild sinni. Eitt af stærstu viðfangsefnunum nú er að gera atvinnulífinu betur kleift að vera öflugur þátttakandi í baráttunni gegn loftslagsbreytingum.

Hér á Íslandi búum við yfir einstöku tækifæri þar sem sífellt meiri eftirspurn er eftir afurðum sem unnar eru með hreinni orku í sátt við náttúruna. Verkefni stjórnvalda er að ýta undir græna hvata og tryggja aðstæður sem auðvelda fyrirtækjum að taka umhverfissjónarmið inn í framleiðslu og framboð á vörum og þjónustu. Besta leiðin til að draga úr mengun er að tryggja að þeir sem valda henni greiði kostnaðinn af henni.

Samhliða því að virkja atvinnulífið með grænum hvötum þarf að gæta þess að hagrænir og grænir hvatar leiði ekki til skattahækkana heldur tilfærslu á tekjustofnum með samsvarandi lækkun annarra gjalda. Þannig er hægt að ná sátt um loftslagsaðgerðir á breiðum grunni enda leiði þær ekki til aukinnar skattheimtu heldur feli þær í sér tilfærslu skatta- og gjaldabyrði í þágu umhverfis- og loftslagsmála.

Fyrirtæki sem draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum eiga þannig, rétt eins og heimili, að fá umbun í samræmi við ávinninginn. Það á að vera dýrt að menga.

Ný og krefjandi úrlausnarefni kalla á nýjar lausnir. Þær lausnir eru mun líklegri til að verða til í samvinnu stjórnvalda og atvinnulífs, þar sem nýsköpun og vöruþróun eru vænlegri til árangurs en eingöngu boð og bönn. Kraftar einkaframtaksins í gegnum þátttöku atvinnulífsins eru, eins og svo oft, lykillinn að árangri okkar. Sú ríkisstjórn sem tekur við stjórnartaumunum næsta haust þarf að skilja þetta og hafa kraft og úthald til að skapa réttu umgjörðina. ■

> Það á að vera dýrt að menga.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is*
HELGARBLAÐ: Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Íslenskir hagsmunir í húfi

Af Kögunarhóli

Þorsteinn Pálsson

Ísland á aðild að stærstum hluta Evrópusamstarfsins. Sú fjölþjóðasamvinna hefur þjónað íslenskum hagsmunum afar vel.

Um aðild Íslands að innri markaði Evrópusambandsins í gegnum EES-samninginn stóðu þó hatrammar deilur þegar sú ákvörðun var tekin. Þær gufuðu hins vegar upp um leið og samningurinn byrjaði að virka.

Andófið fær byr

En nú, meira en aldarfjórðungi síðar, eru háværar kröfur innan tveggja stjórnmálaflokka um að samningurinn verði tekinn til endurskoðunar.

Þetta er klár stefna Miðflokksins. En íhaldsarmur Sjálfstæðisflokksins talar fyrir sömu hugmyndum þó að flokkurinn í heild hafi ekki enn gert kröfuna að stefnumáli.

Þessi sjónarmið komu skýrt fram þegar þriðji orkupakkinn kom til umfjöllunar á Alþingi. Afgreiðslan tafðist í meira en ár. Ástæðan var ekki óróleiki í VG. Það voru sjálfstæðismenn, sem höfðu ekki fullt vald á málinu, hvorki í þingflokknum né í baklandinu.

Sjálfstæðismenn í suðvesturkjördæmi ákváðu nýlega að setja í baráttusæti á lista sínum í þessu sterkasta vígi flokksins einn helsta andófsmann EES-samningsins, sem auk þess var aðal hugmyndafræðingurinn í andstöðunni við þriðja orkupakkann.

Áður skipaði þetta sæti talsmaður frjálslyndra viðhorfa í flokknum.

Skýr skilaboð

Þetta eru skýr skilaboð um að á næsta kjörtímabili muni Sjálfstæðisflokkurinn leggja aukna áherslu á þetta andóf og færa sig nær Miðflokknum.

Vinni flokkurinn sætið má reikna með fleiri uppákomum við innleiðingu reglna á grundvelli EES-samningsins.

Verði báðir flokkarnir í næstu ríkisstjórn er eins líklegt að endurskoðun samningsins um Evrópska efnahagssvæðið verði hafin.

Galdurinn

Sá mikli efnahagslegi árangur, sem innri markaður Evrópusambandsins hefur skilað, byggir á því að aðildarþjóðirnar hafa sammælst um að fylgja allar sömu leikreglum á tilteknum sviðum. Nefna má samkeppnisreglur, neytendavernd og kröfur um heilbrigði og hollustu.

Þetta hefur sérstaklega styrkt samkeppnisstöðu minni ríkja eins og Íslands. Af sömu ástæðu hefur þetta verið aflvaki fyrir minni og meðalstór fyrirtæki hér og um alla álfuna. Galdurinn er að allir fylgi sömu leikreglum.

Þau ríki, sem eiga fulla aðild að Evrópusambandinu, setja reglurnar. Hér hefur þjóðin ekki einu sinni fengið að segja álit sitt á því hvort rétt sé að tryggja Íslandi sæti við borðið þegar ákvarðanir eru teknar.

Loðinmæltir talsmenn

Einhverra hluta vegna hafa talsmenn endurskoðunar EES-samningsins verið fremur loðinmæltir um markmiðið. Kjarninn í máli þeirra virðist þó vera sá að Ísland eigi að halda öllum réttindum á innri markaðnum en fá frjálsar hendur til þess að velja hvaða sameiginlegu reglum það vill fylgja.

Augljóst er að þessi hugmyndafræði gengur ekki upp. Í raun og veru er því verið að tala í kringum þá hugsun að Ísland fari út af innri markaðnum.

Kosningabarátta sjálfstæðismanna í suðvesturkjördæmi snýst um að tryggja þessu viðhorfi aukin áhrif á Alþingi.

Viðspyrnan

Í þessu sambandi er vert að hafa í huga að ný skref í fjölþjóðlegri samvinnu og þátttaka í sameiginlegum

> **Hér situr ríkisstjórn, sem heldur því fram að Ísland eigi nú í fyrsta skipti að vinna sig út úr kreppu án þess að stíga ný skref í fjölþjóðasamvinnu.**

leikreglum hefur alltaf verið viðspyrnan þegar Ísland hefur unnið sig út úr efnahagslægðum.

Nefna má aðildina að Norræna myntsambandinu, aðildina að Bretton Woods gjaldmiðlasamstarfinu á viðreisnarárunum, aðildina að Fríverslunarsamtökum Evrópu, aðildina að innri markaði Evrópusambandsins og samstarfssamninginn við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn eftir hrun.

Viðspyrnan eftir kreppuna núna byggir á því að íslensk fyrirtæki fái ný tækifæri á erlendum mörkuðum. Jafnframt þarf að tryggja gengisstöðugleika.

Tvær leiðir

Þessu má ná skjótt með aukinni samvinnu innan marka EES-samningsins og til lengri tíma litið með fullri aðild að Evrópusambandinu. Sjálfstæðisflokkurinn boðar hins vegar: aukin gjaldeyrishöft til að styðja krónuna, engin fleiri skref í fjölþjóðasamvinnu og aukið andóf gegn EES.

Þjóðverjar ganga til kosninga á sama tíma og við í haust. Nýr leiðtogi Kristilegra demókrata þar segir að eina leiðin til þess að vaxa út úr kreppunni sé aukin Evrópusamvinna og aukin alþjóðleg samvinna.

Hér situr ríkisstjórn, sem heldur því fram að Ísland eigi nú í fyrsta skipti að vinna sig út úr kreppu án þess að stíga ný skref í fjölþjóðasamvinnu.

Hér eru íslenskir hagsmunir í húfi. ■

VINNINGASKRÁ

7. flokkur 2021
Útdráttur 6. júlí 2021

HAPPDRÆTTI

Happdrætti SÍBS er hornsteinn framkvæmda á Reykjalundi

AÐALVINNINGUR kr. 5.000.000

57126

AUKAVINNINGAR kr. 100.000

57125 57127

PENINGAVINNINGAR kr. 500.000

524 1694 3887 34548 48755 49438 53318 55229 56097 59096

PENINGAVINNINGAR kr. 100.000

693 5299 9053 14277 17797 25229 30386 38551 48713 51576 54214 58613 64800 70394 76811
717 5704 9167 14340 18517 26390 30894 41135 49049 52308 54876 59024 65327 72455 77703
1319 7158 9410 15282 19513 26793 31497 42786 49673 52346 54883 60274 67112 72650
1559 7599 10244 15743 20433 26806 33125 44747 49826 53556 55760 61484 67580 73571
3557 8379 10597 16447 21194 27260 34762 44859 49959 54136 56161 61870 67773 74202
4218 8659 10677 17135 24630 29368 34851 45873 50458 54155 56976 62111 69035 74527
4983 8875 11576 17759 24990 29454 35537 48630 51268 54199 57558 63150 69955 74909

PENINGAVINNINGAR kr. 50.000

136 5433 12383 17661 21904 26049 29465 34007 41773 45406 48648 53097 58006 61374 66637 72690 77634
1721 6115 12393 17753 21934 26213 30003 34310 42229 46031 49553 53125 58225 61918 66972 73513 77851
1854 6802 12626 17871 22678 27180 30411 34629 42400 46171 49645 53378 58252 62098 67619 73612 77933
2060 7059 14165 17920 22967 27643 30781 35470 42554 46335 50999 53434 59278 62816 67690 74470 78041
2405 7113 14256 19102 23151 27760 31077 36593 42630 46537 51513 53721 59562 63396 69404 74522 78564
2569 8440 15029 19857 24281 28055 31305 37317 43636 46668 51844 53740 59876 63550 69509 74707 78809
3115 8687 15128 20116 24326 28173 31962 37667 43870 46796 51937 54312 59888 64363 69991 75017 78819
3149 9096 15418 20889 25109 28242 32143 37726 43953 46856 52031 54896 60101 65218 70010 75415 79777
4169 10112 15423 21169 25326 28337 32282 39639 43961 46895 52038 54922 60279 65531 70184 75877
4235 10925 16416 21301 25445 28454 32725 40549 44112 48055 52508 54934 60935 65670 70922 75920
4259 11239 16642 21756 25577 28979 32822 40556 44631 48401 52580 55451 60999 66320 71030 76087
4572 12084 17157 21876 25928 29006 33456 40957 45320 48545 53026 57050 61311 66351 72482 77241

VÖRUÚTTEKT kr. 30.000

16 5024 10443 14497 18415 24061 31732 36253 41283 45865 51396 55535 59634 64214 68965 74540 79494
90 5212 10448 15111 18503 24434 32203 36301 41434 46173 51426 55593 59774 64381 69012 74588 79512
167 5376 10518 15165 18550 24505 32494 36591 41742 46408 51449 55638 59903 64494 69016 74804 79520
317 5532 10563 15224 18752 24635 32611 36595 41758 46707 51630 55739 59928 64540 69221 74855 79534
323 5565 10921 15326 18820 25077 32704 36831 41960 46785 51689 55861 59944 64714 69234 75076 79627
425 5815 11139 15342 18907 25115 32868 36945 42085 46977 51690 55932 59963 64729 69361 75089 79653
550 6256 11210 15371 19457 25125 32884 36962 42489 47017 51754 56069 59983 64940 69877 75386 79740
603 6386 11225 15560 19559 25154 32895 36966 42582 47108 51838 56070 60039 65077 69883 75422 79764
682 6664 11242 15590 19560 25208 33018 37192 42670 47127 51906 56244 60079 65101 69921 75517 79809
833 6687 11272 15974 19580 25227 33228 37339 42780 47172 51922 56541 60085 65169 69956 75533 79857
834 6729 11307 15975 19614 25269 33251 37362 42956 47271 52079 56683 60225 65171 70073 75551 79917
985 6844 11348 16013 19783 26068 33266 37399 42997 47409 52128 56839 60237 65260 70123 75805 79985
1188 7101 11377 16033 20086 26321 33319 37412 43000 47480 52300 56942 60368 65754 70255 76026
1524 7159 11411 16341 20266 26827 33438 37486 43031 47536 52381 56984 60623 65938 70470 76067
1555 7552 11542 16399 20404 26835 33815 37761 43161 47596 52385 57193 60676 66024 70474 76118
1917 7639 11555 16468 20414 27502 33869 37783 43305 47668 52525 57222 60905 66141 70527 76157
1927 7666 11635 16502 20557 27650 33871 37800 43342 47700 52643 57247 61100 66245 70642 76238
1931 7683 11705 16588 20615 27652 34174 38003 43442 47985 52881 57253 61107 66381 70674 76239
2018 7830 11739 16640 20886 27733 34183 38065 43538 48068 53203 57279 61124 66416 70842 76443
2044 7899 11787 16702 20979 28146 34185 38072 43540 48129 53235 57456 61196 66492 70849 76463
2234 7921 11882 16787 21029 28195 34322 38183 43975 48168 53364 57473 61405 66561 70934 76525
2269 7985 11985 16791 21074 28490 34483 38451 44058 48264 53576 57650 61510 66838 71189 76536
2338 8011 11996 16793 21429 28774 34735 38482 44076 48419 53645 57710 61649 66981 71415 76816
2856 8035 11999 16891 21462 28842 34833 38628 44085 48586 53847 57807 61687 67177 71447 76942
2924 8112 12039 16903 21833 29056 35056 38790 44255 48610 53913 57853 61740 67242 71642 76978
3015 8121 12109 17025 21987 29147 35195 39021 44345 49085 53916 57935 61791 67477 71843 77052
3018 8166 12115 17032 22002 29352 35224 39082 44488 49363 53926 58012 61905 67503 71861 77059
3142 8490 12150 17043 22040 29680 35247 39244 44694 49391 54041 58013 61995 67508 71879 77150
3216 8550 12385 17046 22208 29702 35369 39273 44743 49489 54073 58098 62031 67772 72037 77288
3390 8599 12463 17073 22258 29771 35413 39443 44746 49761 54116 58159 62121 67915 72475 77616
3631 8818 12480 17247 22290 30280 35479 39798 44896 49799 54163 58341 62204 67936 72988 77681
3698 9005 12721 17525 22629 30344 35507 39877 44994 49917 54272 58424 62374 67954 73053 77959
3807 9047 12837 17535 22706 30417 35588 39881 45003 49936 54293 58513 62550 68112 73398 77970
3934 9280 12878 17572 22962 30435 35622 40263 45141 49986 54395 58708 62665 68135 73414 78109
3988 9568 12888 17639 23103 30560 35623 40424 45179 50132 54570 58820 62775 68145 73695 78162
4401 9750 13020 17729 23121 30748 35632 40778 45303 50269 54660 58881 62904 68164 73884 78164
4405 9992 13105 17748 23275 30819 35695 40807 45347 50540 54674 58949 63078 68285 73963 78312
4513 10137 13607 17777 23290 31018 35759 40827 45371 50585 54687 58991 63134 68290 73995 78324
4688 10149 13728 17834 23376 31093 35819 40859 45577 50773 54762 58998 63201 68468 74312 78591
4715 10221 13761 18092 23472 31177 35879 40903 45611 50835 55114 59044 63386 68649 74356 78633
4719 10259 13871 18116 23534 31238 35904 40937 45658 50883 55143 59378 63738 68698 74364 78718
4773 10307 13969 18162 23572 31370 35930 41036 45747 51127 55269 59432 63924 68785 74478 79208
4967 10354 14422 18176 23695 31472 36196 41101 45780 51159 55364 59605 64046 68873 74511 79459

PENINGAVINNINGAR kr. 25.000

33 6265 12796 17044 20789 25563 31435 35266 39432 44626 49106 53512 58931 63199 67667 72439 76621
76 6473 12812 17074 20920 25606 31454 35381 39527 44710 49303 53551 59152 63282 67673 72628 76965
135 6658 12918 17172 20960 25648 31502 35405 39617 44810 49458 53563 59207 63365 67860 72745 77065
209 6829 12944 17258 21480 25719 31747 35515 39847 44826 49614 53593 59528 63368 67913 72837 77112
463 6927 13036 17330 21553 25751 31904 35597 40008 44845 49659 53626 59552 63555 68282 72920 77209
578 7189 13104 17339 21558 25766 31916 35834 40105 44917 49668 53684 59652 63577 68502 73062 77236
633 7253 13116 17345 21576 25922 31921 35849 40278 44923 49734 53774 59769 63764 68580 73078 77250
819 7303 13126 17349 21670 26016 31998 35870 40323 44940 49797 54034 59838 63769 68680 73129 77298
1153 7330 13386 17528 21729 26158 32037 35899 40584 45149 49871 54068 59843 63770 68710 73142 77318
1344 7446 13610 17533 22091 26205 32216 35923 40595 45327 50073 54088 59910 63809 68954 73354 77386
1663 7530 13771 17792 22237 26228 32229 36043 40617 45434 50076 54246 59969 63973 69003 73462 77392
1669 7674 13826 17839 22317 26251 32243 36213 40680 45496 50201 54253 59979 64051 69131 73483 77423
1678 7741 13840 17843 22354 26589 32392 36241 40867 45540 50240 54526 59997 64146 69319 73497 77444
1687 7783 13907 17948 22361 26706 32490 36420 40944 45604 50354 54638 60062 64269 69387 73550 77475
1944 7873 14012 17951 22391 26933 32663 36482 40971 45760 50566 54759 60153 64278 69392 73586 77507
1969 8405 14174 18199 22395 26942 32703 36516 40979 45851 50684 54987 60242 64442 69467 73603 77735
1980 8431 14349 18293 22411 26981 32768 36607 40993 45959 50789 55035 60278 64460 69521 73628 78142
2413 8433 14458 18297 22451 27003 32799 36649 41074 46067 50888 55075 60554 64502 69769 73635 78161
2478 8438 14581 18329 22563 27218 32840 36656 41382 46147 50998 55131 60639 64595 69831 73640 78246
2854 8459 14670 18364 22579 27266 32896 36695 41446 46274 51040 55164 60724 64673 69960 73712 78332
3411 8673 14960 18389 22675 27321 32978 36908 41469 46390 51110 55182 60863 65043 69968 73764 78342
3431 8680 14997 18441 23031 27380 33080 37094 41509 46442 51188 55231 61008 65272 69971 73794 78474
3469 8849 15093 18479 23178 27388 33105 37116 41686 46645 51210 55398 61022 65289 69988 73998 78492
3768 8929 15102 18754 23188 27482 33147 37120 41701 46803 51330 55548 61054 65429 70071 74053 78512
3913 9254 15187 18759 23227 27909 33216 37202 41705 47140 51391 55785 61152 65466 70183 74236 78518
3933 9358 15208 18896 23256 28103 33227 37335 42093 47257 51577 55859 61208 65509 70247 74290 78558
4024 9576 15389 18960 23272 28174 33374 37363 42138 47340 51796 56140 61249 65662 70260 74357 78579
4108 9598 15405 18980 23555 28255 33474 37551 42251 47485 51809 56238 61281 65820 70305 74462 78653
4277 9736 15541 19048 23615 28569 33734 37674 42264 47513 51854 56390 61588 65832 70469 74649 78660
4413 9787 15754 19138 23676 28611 33809 37755 42462 47691 51895 56546 61836 65919 70648 74862 78728
4437 9995 15769 19149 23801 28644 33850 37801 42494 47830 51929 56832 61932 65925 70666 75067 78762
4938 10201 15875 19201 23837 28699 33931 37878 42540 47911 51955 56897 62113 65940 70782 75182 78799
5026 10392 15972 19205 23858 28710 33958 37906 42619 48073 52080 57099 62131 65942 70946 75352 78909
5042 10640 16002 19382 23944 28744 33991 38011 42840 48143 52119 57305 62176 65996 71259 75406 78965
5097 10646 16009 19390 24189 29223 34151 38059 42853 48182 52181 57392 62198 65999 71272 75436 79136
5167 10932 16014 19394 24201 29331 34340 38106 42913 48250 52215 57477 62225 66035 71487 75560 79160
5175 11447 16036 19458 24215 29397 34346 38448 43139 48406 52245 57483 62247 66093 71535 75577 79222
5250 11512 16309 19508 24299 29719 34385 38511 43200 48433 52399 57846 62329 66096 71666 75590 79223
5274 11680 16397 19546 24306 29728 34561 38525 43489 48489 52505 57881 62534 66152 71740 75593 79290
5414 11693 16415 19608 24308 29765 34623 38558 43523 48519 52519 57906 62555 66390 71750 75598 79400
5418 11762 16469 19650 24591 29872 34655 38567 43868 48596 52660 58241 62622 66420 71760 75708 79491
5423 11969 16644 19663 24652 29972 34672 38595 44103 48606 52690 58277 62666 66510 71791 75770 79652
5612 12044 16705 19776 24771 30024 34713 38645 44189 48617 52735 58391 62702 66681 71898 75853 79729
5639 12155 16758 20460 24836 30047 34723 38783 44246 48651 52916 58498 62734 66804 71928 76006 79734
5702 12349 16772 20603 25045 30088 34818 38890 44327 48693 52972 58573 62759 66853 71929 76020 79837
5754 12671 16806 20666 25192 30484 34958 38896 44415 48694 53020 58626 62848 67430 72234 76069 79948
6091 12687 16859 20732 25215 30523 35043 39004 44426 48722 53068 58781 62887 67597 72257 76079 79956
6198 12689 16915 20741 25496 30974 35179 39153 44485 48840 53329 58817 62962 67652 72300 76388 79977
6229 12761 17027 20757 25520 31025 35236 39157 44568 48967 53375 58832 63122 67663 72308 76408

H:N Markaðssamskipti / SÍA

Tryggðu þér miða á sibs.is eða í síma 560 4800

Afgreiðsla vinninga hefst þann 20. júlí 2021
Birt án ábyrgðar um prentvillur

700 milljónir í umferðaröryggisaðgerðir

Auður Þóra Árnadóttir
forstöðumaður umferðar og umferðaröryggis hjá Vegagerðinni.

Alls verður 700 milljónum króna af viðhaldsfé Vegagerðarinnar í ár varið til verkefna umferðaröryggisáætlunar stjórnvalda.

Vegagerðin leggur mjög mikla áherslu á umferðaröryggi og stöðugt er unnið að endurbótum á vegakerfinu í þeim tilgangi. Stærri umferðaröryggisaðgerðir, svo sem aðgreining aksturstefna, breikkun einbreiðra brúa og gerð hringtorga, fá sérstakar fjárveitingar af stofnkostnaðarlið samgönguáætlunar. Framkvæmdir eins og til dæmis þær sem nú standa yfir á Hringvegi um Kjalarnes, þar sem aksturstefnur eru aðgreindar og tengingum inn á veg fækkar með tilkomu sérstakra hliðarvega, munu skila sér í auknu umferðaröryggi og sama má segja um breikkun einbreiðra brúa á umferðarmiklum vegum þar sem mörg slys hafa orðið. Það eru þó ekki eingöngu þessar stóru framkvæmdir sem skipta máli fyrir umferðaröryggið. Tiltölulega ódýrar aðgerðir geta skilað miklu. Árlega hefur hluta viðhaldsfjárveitinga verið ráðstafað sérstaklega til þeirra verkefna Vegagerðarinnar sem tilheyra umferðaröryggisáætlun og var fjárveitingin í ár 700 milljónir króna.

Mörg verkefnanna snúa að lagfæringum á umhverfi vega og/eða að uppsetningu vegriða og það er engin tilviljun, því meira en helmingur alvarlegustu slysanna á þjóðvegum í dreifbýli verður við útafakstur. Samkvæmt núgildandi veghönnunarreglum skal vera svæði af ákveðinni breidd næst vegi sem er þannig útfært að þar séu ekki hættur svo sem hættulegar hindranir eða mikill bratti. Þetta svæði kallast öryggissvæði. Þegar farið er í lagfæringar til að tryggja öryggissvæði er uppsetning vegriðs aldrei fyrsti kostur, fyrst er leitað leiða til að lagfæra umhverfi vegarins á annan hátt, til dæmis með því að draga úr bratta fláa (vegkants) eða lengja of stutt ræsi þannig að kröfur um öryggissvæði séu uppfylltar. Einnig mætti nefna fyllingu skurða og brottnám stórgrýtis.

Nokkur verkefni á hverju ári felast í því að auka öryggi gangandi vegfarenda, svo sem þar sem þjóðvegur liggur um þéttbýlisstaði á landsbyggðinni. Það er meðal annars gert með ýmsum hraðatakmarkandi aðgerðum, svo sem útfærslu öruggari gönguþverana og uppsetningu hraðaviðvörunarljósa. Í fyrra var ákveðið að fjármagna kaup á rauðljósa- og hraðamyndavél sem nýlega hefur verið sett upp við Hörgárbraut (Hringveg) á Akureyri, en Vegagerðin sér um rekstur hraðamyndavéla víða um land í samstarfi við lögreglu og fleiri eftir því sem við á.

Öryggi nokkurra vegamóta verður aukið í ár. Vegamót Eyrarbakkavegar og Þorlákshafnarvegar verða endurbætt og einnig má nefna að gerðar verða svonefndar hjáreinar við fimm tengingar við Hringveg austan Akrafjalls, en þær auka öryggi þeirra sem ætla að beygja af aðalveginum inn á hliðarveginn þar eð auðveldara verður að aka fram hjá ökutæki sem hefur stöðvað og því minni hætta á að ekið verði aftan á.

Bættar merkingar geta einnig skipt miklu máli til dæmis til að vekja athygli á vegamótum fram undan eða til að undirstrika stefnubreytingu vegar með því að setja upp beygjuörvar.

Lista yfir þær umferðaröryggisaðgerðir Vegagerðarinnar í ár sem tengjast umferðaröryggisáætlun beint, er hægt að skoða á vef Vegagerðarinnar. Svæði Vegagerðarinnar bera hitann og þungann af undirbúningi og framkvæmd umferðaröryggisaðgerðanna. ■

Ferðalög innan Evrópu nú auðveldari þökk sé nýja COVID-vottorðinu

Lucie Samcová-Hall Allen
sendiherra ESB á Íslandi.

Mánuðum saman hafa ferðalög erlendis aðeins verið fjarlægur draumur fyrir flest okkar. Þar sem ferðafrelsi er ein grunnstoða Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins (EES), auk þess að vera mikilvægur þáttur í að endurræsa hagkerfi landanna, hefur ESB reynt að búa svo um hnútana að ferðalög milli landa geti hafist að nýju þegar rétti tíminn rennur upp.

Í ljósi þessa gleður það mig mjög að geta kynnt nýtt COVID-vottorð Evrópusambandsins, sem gildir í öllum 27 ESB-ríkjunum auk EES-ríkjanna Íslands, Noregs og Liechtenstein. Reyndar voru Íslendingar frumkvöðlar í þessu verkefni þar sem þeir voru meðal fyrstu ríkjanna til að taka þátt í tilraunum með móttöku stafrænna vottorða. Frá og með 1. júlí 2021 gerir vottorðið íbúum EES-ríkja kleift að ferðast auðveldlega og örugglega milli landa, þrátt fyrir heimsfaraldur COVID, með því að færa sönnur á bólusetningu við COVID, neikvæða niðurstöðu úr skimun eða fyrri COVID-sýkingu.

Tekið skal fram að vottorðið er ekki skilyrði fyrir frjálsri för, heldur tryggir það öryggi á ferðalögum auk þess að stuðla að því að unnt sé að aflétta hömlum á ferðalög milli landa, svo sem skimunum og sóttkví. Stjórnvöld í hverju landi gefa vottorðin út og þau fást án endurgjalds á stafrænu og/eða pappírsformi, bæði á viðkomandi þjóðtungu og á ensku. Með því að nota QR-kóða er hægt að athuga vottorðið fljótt og örugglega og tryggja að það sé samþykkt í öllum þátttökuríkjunum. Íslensk stjórnvöld eru þegar byrjuð að gefa út og taka á móti þessum vottorðum, sem þýðir að Íslendingar geta ferðast af meira öryggi innan EES og ferðamenn frá EES-löndum eiga auðveldara með að ferðast til Íslands og styðja þannig við endurreisn ferðaþjónustunnar. Forsenda fyrir því að aflétta ferðatakmörkunum er nægilega hátt hlutfall bólusetninga í þátttökulöndunum.

Það er því afar ánægjulegt að sjá árangurinn sem Íslendingar hafa náð í þessum efnum í kjölfar bóluefnasamstarfsins við ESB, en á Íslandi er eitt hæsta hlutfall fullbólusettra íbúa í heiminum. Þessi góði árangur er afrakstur vísindalegrar og gagnsærrar nálgunar íslenskra stjórnvalda frá upphafi heimsfaraldursins, sem og skynsamlegra viðbragða íslensks almennings. Til hamingju öll! ■

Heiður þeim sem heiður ber

Sigurður Páll Jónsson
þingmaður Miðflokksins.

Skráning Íslandsbanka í Kauphöll Íslands hefur dregið fram þau gríðarlegu verðmæti sem í bankanum felast. Eftir skráninguna hafa einstaka menn verið að þrátta um aðferðafræðina og hvort að hefði verið hægt að fá einhverjum milljörðum meira fyrir bankann núna við skráningu. Það er kannski bitamunur en ekki fjár. Staðreyndin er sú að Íslandsbanki er metinn á um 200 milljarða króna og af því á ríkissjóður 130 milljarða og hafði áður fengið ríflega 55 milljarða við skráningu bankans. Hér er um að ræða gríðarleg verðmæti sem nýtast til sameiginlegra verkefna fyrir alla landsmenn.

En af hverju átti ríkissjóður bankann? Jú, vegna þeirra aðferðafræði sem var innleidd hér við afnám fjármagnshafta og þeirra stöðugleikaskilyrða sem voru áskilin við það tilefni. Og hver lagði grunninn að því? Jú, ríkisstjórn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar. Óhætt er að segja að engin ein aðgerð hefur stuðlað jafn rækilega að jákvæðum viðsnúningi í fjármálum ríkissjóðs og bætt jafn mikið stöðu íslenska þjóðarbúsins erlendis. Heiður þeim sem heiður ber. Enginn einn maður skóp og stuðlaði jafn rækilega að því að hægt var að fara í þessar aðgerðir og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

Það hefur stundum vafist fyrir mönnum að skilja mikilvægi aðgerðarinnar og umfang. Þá er gagnlegt að lesa bókina Afnám haftanna – samningar aldarinnar? sem kom út fyrir um ári síðan. Þar birtust útreikningar sem leiddu rök að því að um 600 milljarðar króna hefðu færst til ríkissjóðs við stöðugleikaskilyrðin sem slitabúunum var gert að undirgangast. Nú má ætla að þessi upphæð sé stöðugt að hækka, meðal annars vegna aukins verðmætis Íslandsbanka og annarra eigna sem féllu ríkissjóði í skaut vegna stöðugleikaskilyrðanna. Það er því ekki óvarlegt að ætla að í kringum 700 milljarðar króna hafi færst til ríkissjóðs vegna aðferðafræðinnar sem beitt var við afnám fjármagnshaftanna. Það er einstök upphæð í Íslandssögunni og hefur gerbreytt forsendum ríkisfjármála öllum landsmönnum til hagsbóta. Þegar þetta er haft í huga er eðlilegt að menn segi: Heiður þeim sem heiður ber. ■

Mennskan skorin niður

Viðar Eggertsson
leikstjóri, eldri borgari og frambjóðandi Samfylkingarinnar í Reykjavíkurkjördæmi suður.

„Það vilja allir verða gamlir, en það vill enginn vera gamall," er setning sem heyrist oft og hefur nú fengið grafalvarlegan tón, þegar litið er á meðferð á eldra fólki eins og við heyrum um í fréttum daglega af stöðu hjúkrunarheimila landsins.

Hjúkrunarheimilin sem eiga að annast okkar dýrmætasta fólk og tryggja því öryggi, vellíðan og mannlega reisn síðustu árin á langri vegferð lífsins, hafa nú hvert af öðru hafið fjárhagslegt endurmat á umönnun skjólstæðinga sinna og þar verður fyrst fyrir niðurskurðarhnífnum það sem síst skyldi: Mennskan.

Fjársvelt öldrunarþjónusta leiðir af sér ómanneskjulegar afleiðingar eins við höfum fengið að heyra af.

Á dögunum heimsótti ég dagþjálfun aldraðra og öryrkja. Á meðal annarra er þar hópur fólks sem er á biðlista eftir að fara á hjúkrunarheimili. Margir úr þeim hópi kvíða því sem þar muni bíða þeirra. Því þau óttast að lífið á hjúkrunarheimilinu verði fábreytt og kaldranalegt.

Í dagþjálfuninni sem þau njóta nú er þeim gefinn kostur á uppbyggilegri samveru ásamt fjölbreyttum verkefnum til eflingar líkama og huga. Þar sem þau njóta virðingar og fá áhugaverð verkefni að fást við, allt eftir getu og vilja þeirra sjálfra. En ekki síst hvatningu til sjálfseflingar. Þar er vakandi auga með þörfum þeirra og löngunum og traustar hendur til halda í, sem eru líka tilbúnar að taka af fallið ef einhver hrasar.

Í hörðum niðurskurðaraðgerðum sem sum hjúkrunarheimilin og öldrunarheimilin hafa gripið til, speglar það litla hið stóra í ísköldu samhengi. Það sem hefur til dæmis alltaf þótt sjálfsagt sem hluti af heimilislífinu er það ekki lengur. Það er settur verðmiði á hvert handtak, hvert augnatillit. Eins og það að fylgja fólki í hársnyrtingu, er orðið ásteytingarsteinn rekstraraðilans og ríkisins og spurt er: Hver á að borga fyrir þetta?

Aldrað fólk er viðkvæmur hópur í samfélaginu. Þetta er kynslóð sem hefur ekki uppi háværar kröfur og hefur þurft að láta sig hafa ýmislegt á langri ævi. Þau hafa ekki sterka rödd í samfélaginu sem þau þó byggðu upp hörðum höndum. Aldrað fólk metur sjálfsvirðingu sína mikið, rétt eins og aðrar kynslóðir. Aldrað fólk tengir sjálfsmynd sína við útlit sitt; já, rétt eins og annað fólk.

Örvæntingarfullt, eldra fólk og aðstandendur þess hafa samband við félög eldri borgara og spyrja í örvinglan hver sé réttur þeirra og hvert þau eigi að snúa sér. Hvað er rétta svarið? Hvert á að snúa sér þegar sjálf mennskan hefur verið skorin niður? ■

Á kynningarverði í júlí:

Ný þvottavél og nýr þurrkari frá Siemens

SIEMENS

Þvottavél, iQ500
WU 14UTL9DN

9 kg Tekur mest
15 mín. hraðkerfi

Ný 9 kg þvottavél með íslensku stjórnborði. 1400 sn./mín. Kolalaus, hljóðlátur og sparneytinn mótor með 10 ára ábyrgð. 15 mín. hraðþvottakerfi. Við hönnun vélarinnar hefur verið leitast við að gera hana mjög stöðuga og hljóðláta.

Kynningarverð:
114.900 kr.
Fullt verð: 149.900 kr.

SIEMENS

Þurrkari, iQ500
WT 45WTA8DN

9 kg Tekur mest
40 mín. hraðkerfi

Nýr 9 kg þurrkari með íslensku stjórnborði. Sjálfhreinsandi rakaþéttir. Rafeindastýrð rakaskynjun. Sérkerfi: Blandaður þvottur, ull, útifatnaður, handklæði, tímastillt kerfi, hraðkerfi 40 mín., undirfatnaður og skyrtur.

Kynningarverð:
114.900 kr.
Fullt verð: 149.900 kr.

Við leggjum áherslu á hágæða vörur og fyrsta flokks þjónustu á góðu verði.

5 ÁRA ÁBYRGÐ

Gildir til og með 31. júlí 2021 eða á meðan birgðir endast.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Bílskúrssala til að bjarga fjárhag Barcelona

Forráðamenn Barcelona eru á yfirdrifi þessa dagana að reyna að létta á launapakka félagsins og eru ýmist að bjóða öðrum félögum að kaupa leikmenn þeirra eða leikmönnum að rifta samningi. Þegar mánuður er í nýtt tímabil er óvíst hvort megi skrá nýjustu leikmenn félagsins.

kristinnpall@frettabladid.is

Lionel Messi þarf að finna leið út fyrir leikmenn á borð við Samuel Umtiti ef hann ætlar sér að skrifa undir nýjan samning hjá Barcelona. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

FÓTBOLTI Þegar rúmur mánuður er í að spænska deildarkeppnin hefjist á ný virðist sem svo að fjárhagur Börsunga sé í ljósum logum og félagið er með alla öngla úti til að losna við leikmenn af launaskrá. Búið er að rifta samningum við einhverja, á meðan leikmenn á borð við Samuel Umtiti og Miralem Pjanić hafa neitað að rifta samningum sínum við félagið. Þetta stórveldi í heimsknattspyrnu virðist vera tilbúið að taka tilboðum í svo gott sem alla leikmenn þessa dagana og minnir staða félagsins á örvæntingarfullan húseiganda með bílskúrssölu.

Skuldastaða félagsins rataði í fjölmiðla fyrr á þessu ári þegar það kom í ljós að félagið skuldaði rúmlega 1,1 milljarð evra. Fyrr í sumar samþykkti stjórn félagsins að taka 500 milljóna evra lán til þess að létta á skuldabyrði félagsins í skammtímaskuldum, meðal annars leikmannalaunum en staðan er enn afar slæm.

Fyrir vikið hefur stjóri spænsku deildarkeppninnar, Javier Tebas, tilkynnt Barcelona, að þeim sé ekki heimilt að skrá Eric Garcia, Memphis Depay og Sergio Aguero, sem eru búnir að semja við Barcelona.

Á sama tíma hefur stjórn félagsins reynt að semja við krúnudjásn félagsins undanfarna tvo áratugi, Lionel Messi, sem er nú samningslaus eftir að hafa þegið um þriðjung af heildarlaunakostnaði félagsins á nýafstöðnu tímabili, en ekki fæst heimild fyrir nýjum samningi fyrr en búið er að létta á skuldum.

Björn Berg Gunnarsson, deildarstjóri í greiningardeild Íslandsbanka sem hefur rannsakað fjármál knattspyrnufélaga, segist varla muna eftir annarri eins stefnu hjá félagi á borð við Barcelona.

„Nei, maður man varla eftir annarri eins stefnu hjá félagi af þessari stærðargráðu. Fyrir vikið óttast ég að einhverju leyti að staðan sé mun verri en búið er að gefa út. Það var ekkert launungarmál að skuldastaðan væri slæm, verri en hjá flestum félögum en skuldastaðan hefur versnað hratt og reksturinn engan veginn staðið undir sér.

Þetta virðist gefa til kynna að þeim hafi ekki tekist að endurfjármagna skuldir sínar nægilega vel, sem gæti komið þeim í alvarlega stöðu. Þá er líklegt að lánardrottnar hafi ekki haft trú á langtímaáætlunum þeirra. Fyrir vikið þurfa þeir að fara í að skera niður leikmannahópinn og hafa verið að gera það undanfarin ár. Barcelona borgar gríðarlega há laun og undanfarin tvö ár hafa þeir losað Arda Turan, Ivan Rakitic og Luis Suarez til að lækka launakostnaðinn," segir Björn, sem segir þetta að mörgu leyti líkjast neyðartilraun.

„Það má taka undir að þetta sé hálfgerð neyðartilraun til að bjarga félaginu. Maður hélt alltaf að Barcelona, sem eitt af stærstu félögum heims, ætti að geta verið rekið réttu megin við núllið byggt á sjónvarps- og auglýsingatekjum auk þeirra tekna sem þeir fá í Meistaradeildinni. Ég var alltaf sannfærður um að þeir gætu komið með einhverja áætlun til lengri tíma en þetta gefur til kynna að það hafi mistekist."

Björn tekur undir mikilvægi þess að Börsungar verði með samkeppnishæft lið áfram til þess að tryggja félaginu áframhaldandi tekjustreymi en fyrr á þessu ári var Barcelona efst á lista yfir verðmætustu knattspyrnufélög heims á lista bandarískra fjármálatímaritsins Forbes.

„Það er ekki hægt að reka félag eins og Barcelona án þess að eyða verulegum upphæðum, en það hefði verið góð lausn að reyna að ná samkomulagi við lánveitendur um ábyrgari rekstur félagsins. Undanfarin ár hefur félagið verið rekið með skammtímasjónarmið í huga og það vantar oft að einstaklingar axli ábyrgð á gjörðum sínum hjá félaginu. Svo má velta fyrir sér hvort að þeir séu að reyna að ýta á einhverskonar endurræsingarhnapp þegar kemur að launafyrirkomulagi félagsins. Það er þekkt í bandarísku íþróttalífi að félög hreinsi út allt liðið og byrji upp á nýtt, sem er hægt í lokuðum deildum þar sem félög eru með tryggt tekjustreymi en það er ekki þannig í fótboltanum. Félögin eru háðari árangri til að fá betri tekjur í treyjusölu, auglýsinga- og sjónvarpstekjum. Fótboltaheimurinn er þannig í dag að félög eru annað hvort innan hóps stórliða eða utan hans og það er ekki í boði fyrir Barcelona að detta út úr hópnum og missa af tekjunum sem fylgja honum."

> **Þetta virðist gefa til kynna að þeim hafi ekki tekist að endurfjármagna skuldir sínar nægilega vel, sem gæti komið þeim í alvarlega stöðu.**

Björn Berg Gunnarsson, deildarstjóri í greiningardeild Íslandsbanka.

Frá því að félagið seldi Neymar fyrir metfé árið 2017 hefur félagið eytt fúlgum fjár í að fylla skarð Brasilíumannsins án árangurs. Tækifærin vara ekki lengi þegar kemur að því að sanna sig í treyju Börsunga. Þá hefur einn leikmaður, Matheus Fernandes, ákveðið að kæra félagið fyrir ólöglega riftun ári eftir að félagið greiddi tíu milljónir evra fyrir Brasilíumanninn.

„Þeir kaupa Dembele og Coutinho fyrir meiri pening en þeir fengu fyrir Neymar og þeir fá báðir lítinn sem engan tíma til að sanna sig. Það er ekki mikill rökstuðningur á bak við kaup félagsins og nú eru þeir að reyna að selja þá á hræðilegum tíma. Það finna öll félög fyrir áhrifum heimsfaraldursins og það eru fá félög sem geta horft til þessara leikmanna." ■

Neyðarástand í Japan rétt fyrir ÓL

ÓLYMPÍULEIKAR Stjórnvöld í Japan funda í dag og er von á að lýst verði yfir neyðarástandi vegna nýrrar bylgju kórónaveirusmita í Tókýó þegar rúmar tvær vikur eru í opnunarhátíð Ólympíuleikanna. Samkvæmt heimildum Reuters verður um leið endanleg ákvörðun tekin um að banna áhorfendur á viðburðum Ólympíuleikanna, en áður höfðu japönsk stjórnvöld ákveðið að banna áhorfendum utan Japans að mæta á leikana.

Yoshihide Suga, forsætisráðherra Japans, staðfesti í gær að ríkisstjórnin myndi kynna næstu aðgerðir stjórnvalda í dag og í kjölfarið myndu stjórnvöld í Japan funda með skipuleggjendum mótsins og Alþjóðaólympíunefndinni.

Áður var búið að samþykkja að allt að tíu þúsund íbúar Japans mættu vera viðstaddir hverju sinni en þó aldrei meira en í fimmtíu prósentum af sætunum á áhorfendapöllunum hverju sinni, en sérfræðingar úr heilbrigðisgeiranum í Japan hafa kallað eftir því að það verði engir áhorfendur viðstaddir.

Útlit er fyrir að það verði engir áhorfendur á Ólympíuvellinum í Tókýó.

Yuriko Koike, ríkisstjóri Tókýó, sagði að markmið yfirvalda væri enn að öruggir Ólympíuleikar færu fram í Tókýó þegar hún var spurð út í stefnubreytingu stjórnvalda í ríkinu. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 8. júlí 2021

Nýir þættir um skrímslin í Skrímslaborg voru að byrja á Disney+.
FRÉTTABLAÐIÐ/IMDB.COM

Skrímslin snúa aftur

oddurfreyr@frettabladid.is

Þeir Sölli og Maggi, félagarnir hræðilegu úr kvikmyndunum um Skrímsli hf., eru að snúa aftur í nýrri þáttaröð sem var að hefja göngu sína á Disney+ streymisveitunni og ber heitið Skrímsli í vinnunni eða Monsters at Work. Fyrstu tveir þættirnir í þáttaröðinni komu inn á streymisveituna í gær, 7. júlí, en þeir komu þó ekki inn á Disney+ hér á landi á sama tíma.

Fullt af furðufuglum

Þáttaröðin hefst daginn eftir að skrímslin hætta að nýta öskur sem orkugjafa og byrja að nýta hlátur í staðinn, en sú saga er sögð í myndinni Skrímsli hf.

Aðalpersónan er ungt skrímsli sem heitir Tylor Tuskmon og er talsett af leikaranum Ben Feldman, sem áhorfendur þekkja úr þáttunum Superstore. Tylor dúxaði í skrímslaháskólanum og hefur alltaf dreymt um að vera skelfir en þegar hann byrjar svo loks hjá Skrímsli hf. kemst hann að því að nú snúist allt um að ná fram hlátri.

Í þáttunum reynir Tylor svo að fóta sig í þessum nýja veruleika á nýjum vinnustað sem er fullur af furðufuglum, á sama tíma og hann reynir að finna sig í hlutverki grínara. ■

Daði Freyr Ingólfsson lyfjafræðingur og Sölvi Geir Ottesen knattspyrnumaður hafa mikinn áhuga á CBD-vörum og þróuðu eigin vörulínu byggða á nýjustu rannsóknum á CBD. Daði Freyr segist lengi hafa haft áhuga á CBD og þeim jákvæðu áhrifum sem efnið hefur, sérstaklega á viðkvæma húð.. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Nýtti nýjustu rannsóknir til að þróa hágæðahúðvöru úr CBD

Nýlega eru komnar á markað húðvörurnar Sproti CBD sem unnar eru úr kannabínóíðum sem finnast í kannabisplöntum. CBD veldur engum vímuáhrifum og rannsóknir hafa sýnt mjög jákvæð áhrif CBD á húðina. Sproti CBD vörurnar eru þróaðar af lyfjafræðingi. 2

Fyrirtækið Pure Labs ehf. í Suðurnesjabæ framleiðir vörurnar. Daði Freyr Ingólfsson lyfjafræðingur stofnaði fyrirtækið og hefur þróað vörurnar ásamt Sölva Geir Ottesen knattspyrnumanni.

„Ég útskrifaðist með MA-gráðu í lyfjafræði frá Háskóla Íslands árið 2016 og svo frá Viðskiptaháskólanum í Kaupmannahöfn með MA-gráðu í nýsköpun. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á CBD-vörum og öllum efnum í kannabisplöntunni. Það eru svo mörg efni í henni og margir viðtakar. Þetta er lítið rannsakað efni sem mér finnst skrítið, miðað við hvað það er vitað um virknina í því," segir Daði Freyr.

Daða Frey langaði að hanna CBD-vörur frá grunni, en þegar hann byrjaði að líta í kringum sig hér á landi fannst honum lítið af CBD-vörum á markaði og þær misgóðar og misspennandi.

„Mig langaði að hanna vörur þar sem ég get stjórnað CBD-magninu út frá nýjustu rannsóknum. Ég kom mér í samband við félaga minn, Sölva Geir Ottesen knattspyrnumann, en hann hafði líka áhuga á CBD. Hann var sérstaklega að horfa á bólgueyðandi virknina fyrir íþróttamenn sem fá til dæmis oft hnjámeiðsl," útskýrir Daði Freyr.

Þeir Daði Freyr og Sölvi Geir stofnuðu Pure Labs árið 2019 og byrjuðu á að þróa Sprota CBD-vörurnar með það að markmiði að hafa sem fæst aukaefni í vörunum.

„Við vildum einbeita okkur að því að hafa gott CBD og nýta nýjustu rannsóknir til að hanna formúlu svo upptaka CBD verði mjög góð. Við höfum þróun á vörunum og komum með þessa vörulínu sem við erum mjög sáttir með. Hún hefur líka fengið gríðarlega góðar viðtökur," segir Daði Freyr.

Daði Freyr og Sölvi Geir hafa þróað vörurnar með það að markmiði að hafa sem fæst aukaefni í þeim.

Vörurnar eru fjórar eins og er og eru í umbúðum úr endurunnu gleri.

MYND/AÐSEND

Innihaldsefnin í Sprota CBD-vörunum stuðla að mjög góðri upptöku CBD.

Virkni CBD fyrir húðina

Daði Freyr útskýrir að í öllum frumum mannslíkamans séu viðtakar sem CBD nemur. Í taugafrumum, húðfrumum og meira að segja hárfrumum.

„CBD er fyrst og fremst andoxandi. Það ver húðina fyrir skemmdum, til dæmis frá sólarljósi. Það er líka bólgueyðandi og virkar sérstaklega vel á exem, útbrot og bólur. CBD hjálpar til við að minnka roða í húðinni og halda henni unglegri," segir Daði Freyr.

„Það fólk sem hefur prófað okkar vörur hefur verið með ýmiss konar húðvandamál. Það eru allir alveg svakalega sáttir við vörurnar. Sérstaklega af því hvað varan er hrein. Vegna þess að við notum engin ilmefni eða aukaefni þá henta vörurnar öllum og eru ekki ofnæmisvaldandi. Vörurnar eru sérstaklega góðar fyrir fólk með viðkvæma húð sem þolir illa sterk krem."

Vörurnar eru framleiddar á Íslandi en Daði Freyr segir að CBD-ið komi enn þá að utan, þar sem það er ekki fáanlegt á Íslandi.

„En það breytist vonandi bráðum. Við leggjum líka áherslu á að varan sé umhverfisvæn, en allt glerið í umbúðunum er úr endurunnu gleri. Það er að sjálfsögðu endurvinnanlegt líka," segir hann.

„Vörurnar komu á markað nýlega og eru til sölu í apótekum og fleiri verslunum. Það er líka hægt að kaupa þær á netinu."

Einstök virkni

Sproti CBD-línan inniheldur fjórar vörur; CBD-andlitskrem, CBD-body lotion, CBD-húðolíu og CBD-serum.

„Grunnurinn í vörunum er samsettur þannig að hann margfaldar upptöku CBD í húðinni. CBD dregst ekki mjög vel inn í húðina eitt og sér svo það þarf að hafa önnur efni með sem auka upptökuna. Þess vegna settum við fitusýrur með í vörurnar sem auka upptökuna til muna," útskýrir Daði Freyr.

„CBD virkar öðruvísi á húðina en önnur efni. Það er vegna kannabínóíða-viðtakanna sem kannabínóíða-efni virkja. Það veldur því að bólgumyndun minnkar, sem hefur margt í för með sér. Bólgumyndun getur komið fram sem exem eða roði eða sem mikill þurrkur í húðinni. Ég hef séð fólk koma til mín með stór rauð útbrot á höndum eða fótum. Það ber á sig serumið eða húðkremið og eftir viku eru útbrotin farin. Þau koma ekkert aftur ef fólk er að bera þetta á sig. CBD hefur einstaka virkni. Þú finnur þessa virkni ekki í öðrum efnum."

Daði Freyr segir að serumið hafi sérstaklega mikla virkni og mælir með því til að byrja með og sérstaklega fyrir verstu tilfellin. Hann mælir svo með kremunum til að halda einkennunum niðri.

„Í andlitskremunum og body lotion-inu þá erum við með hýalúronsýru sem er græðandi. Í þeim kreer líka kollagen. Kremin eru mjög góð til að halda raka í húðinni," segir hann.

„Þessar fjórar vörur eru grunnvörur. En svo er á dagskrá að koma með fleiri vörur seinna meir. Það verður vonandi í lok árs eða á næsta ári." ■

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir** sigriduringa@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

KEEN sandalar fyrir sumarið

Venice ♀
Lokað hælband og tá

16.990 kr.

Stingum af ...

Venice H2 ♀
Lokað hælband og tá

17.990 kr.

Venice II H2 ♀
Stillanlegt hælband, lokuð tá

15.990 kr.

Elle Backstrap ♀
Úr endurunnum efnum

14.990 kr.

Clearwater CNX ♀
Léttir, lokuð tá

16.990 kr.

Terradora II ♀
Léttir, stillanlegir við ökkla og tær

15.990 kr.

Newport ♂
Gott grip, lokuð tá

20.990 kr.

Newport H2 ♂
Lokað hælband, lokuð tá

18.990 kr.

Targhee Open Toe Sandal ♂
Stillanlegur á 3 stöðum

16.990 kr.

Clearwater CNX ♂
Léttir, lokuð tá

16.990 kr.

GG SPORT

Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af góðum skóm og öllu sem þarf í ævintýrið þitt!

@ggsport.is @gg_sport

Smiðjuvegur 8, Græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opið virka daga 10:30-18 og laugardaga 11-15

Hringrás hátískunnar

Tinna Bergmann Jónsdóttir, fatahönnuður og fyrrverandi rekstrarstjóri GK, hefur ávallt vakið athygli fyrir vandaðan og einstakan fatastíl sem getur verið margbreytilegur eftir dagsforminu, og kunnáttuna við að velja rétta klæðnaðinn fyrir hvert tilefni.

Sjöfn Þórðardóttir
sjofn
@frettabladid.is

Tinna og Eldur eru bæði í preowned Stella McCartney vörum. Peysan sem Eldur klæðist og jakkinn hennar Tinnu eru einstaklega falleg hönnun, tímalaus og klæðileg. Tinna hefur áhuga á að endurnýta hágæða hönnunarvöru. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Tinna er hávaxin með glæsilegan líkamsvöxt og ber klæðnað sinn ákaflega vel. Hún er flott týpa og eftir henni er tekið. Tinna er menntaður fatahönnuður með BA-gráðu Hons Fashion Design frá De Monfort University í Bretlandi. Eftir útskrift stofnaði hún sitt eigið merki. En Tinna er líka einstaklega hæfileikarík þegar kemur að því að klæða aðra og er afar fær stílisti. „Það var mikil vinna og góður viðbótarskóli að vera með eigið merki, enda vildi ég hafa allt grænt og sjálfbært. Til að mynda keypti ég eingöngu efni sem voru framleidd í Englandi og leðrið sem ég notaði var afskurður. Þar af leiðandi voru öll efni sem ég vann með dýr í innkaupum. Við tókum þátt í tískuvikunum í London og París. Ég lærði heilan helling af því ferli. Eftir það ævintýri rak ég Isabel Marant Flagship verslunina í Mayfair í London í einhver ár. Þá hef ég jafnframt unnið mikið við útstillingar (VM) fyrir til dæmis Cos, Harvey Nichols, Selfridges, Libertys og Harrods. Það starf sem ég vann hvað lengst við og hafði mesta unun af, var starf mitt sem stílisti í London, bæði persónulegur og commercial, vann með merki eins og Max Mara, Stella McCartney, Fendi og öðrum áhrifakonum. Ég hef því gríðarlega mikla reynslu úr tískubransanum.“

Heim eftir tólf ár í London

Tinna bjó í London í tólf ár en þá tóku örlögin framtíð Tinnu í sínar hendur og leið hennar lá heim til Íslands. „Ég hitti manninn minn, Guðbrand Jóhannesson, ein jólin þegar ég var í jólafríi á Íslandi, eitt leiddi af öðru og ég ákvað að flytja aftur heim eftir tólf ára dvöl í London. Þegar ég kom heim tók ég við starfi rekstrarstjóra GK Reykjavík. Í dag er ég í besta starfi í heimi, nýbökuð mamma hans Elds míns.“

Tímalausar flíkur úr gæðaefnum

Tinna ásamt stöllu sinni, Örnu Lísu Traustadóttur, hefur opnað nýja vefverslun, Buymychic, þar sem hægt er að versla notaðan merkjavörufatnað. Segðu okkur frá tilurð þess að þið stöllurnar ákváðuð að opna Buymychic? „Ég hafði gengið með hugmyndina að Buymychic í nokkur ár áður en hún kom til framkvæmda. Þetta hófst á því að ég byrjaði að selja vörur á milli kúnna, þar sem ég þekkti bakgrunn þeirra, lífsstíl og líkamsfall vel. Heimatökin voru því hæg þar sem ég vissi hvaða flík hentaði hverjum og einum. Sankaði ég því að mér margvíslegum gersemum bæði frá merkjum og frá kúnnum og er það undirstaða BMC í dag. Vel hannaðar tímalausar flíkur úr gæðaefnum eiga langan líftíma. Mér finnst að við að ættum að nýta betur þær vönduðu vörur sem er nú þegar búið að leggja mikla vinnu í að framleiða,“ segir hún.

Hátískuskór sem nú er hægt að endurnýta.

Fallegar handtöskur eru líka í boði.

Mikið úrval merkjavöru er fáanlegt hjá BMC.

Glæsilegir sumarskór.

Ástarör Amors skaut mig í hjartað – til Íslands

„Árið 2017 keypti ég lénið buymychic.com og var á góðri leið það ár að starta þessu í Bretlandi, áður en ástarör Amors skaut mig í hjartað og ég flutti heim. Eftir að ég var flutt heim til Íslands varð ég vör við að þessi hugmynd mín ætti sér fyllilega stoð hér á landi. Auk þess sem ég vildi leggja mitt á vogarskálarnar við að sporna gegn þessu offramboði á flíkum, sem er svo ógrænt. Ég bar þessa hugmynd undir Örnu, sem ég hafði kynnst í gegnum störf mín á Íslandi og leist henni rosalega vel á hugmyndina, svo við ákváðum að gera þetta saman. Hún býr yfir mikilli reynslu líka, bæði í sölu merkjavara og svo er hún fatahönnuður að mennt. Draumurinn minn var alltaf að finna góðan partner í þetta verkefni með mér, svo við erum heppnar að hafa hitt hvor aðra. Gott teymi með ólíka reynslu innan sama geira, svo við vissum að við gætum unnið vel saman.“

BMC býður upp á stílistaþjónustu líka, er það ekki rétt?

„Jú, það er hárrétt og er hluti af okkar þjónustu og hægt er að bóka tíma með stílista í gegnum vefsíðuna. Ég kallaði mig stundum wardrobe detox consultant og stílista. Við konur notum að meðaltali 20% af fataskápnum okkar. Svo þið getið ímyndað ykkur hvað það er hægt að gera mikið.“

Stuðla að umhverfisvænni tísku

Þegar vefverslun af þessu tagi er opnuð er mikilvægt að setja sér markmið og hafa áherslur skýrar. „Við erum vefverslun sem sérhæfir sig í kaupum/sölu á hágæða merkjavörum og stuðlar þannig að umhverfisvænni tísku. Áhersla okkar var að koma á sjálfbærari viðskiptum, með sem minnstu kolvetnisspori og ýta á sama tíma undir nýtingu á vörum sem eru til nú þegar. Slagorð Buymychic er hringrás hátískunnar. Með vísan til þessa göfuga markmiðs viljum við hvetja fólk til þess að hafa samband við okkur ef það hefur áhuga á að selja merkjavöru. Má vera ein flík eða hundrað flíkur. Við fókuserum á að þekkja uppruna vörunnar og viljum hvetja fólk til þess að tékka á okkur, frekar en að kaupa sér nýja vöru úr búð, vera grænni. En mörg merkin eru með klassískan stíl, svo vörurnar eru oft svipaðar og það sem er í búðum og fyrir mikið minni pening. Hvort sem að þú vilt eyða minna í gæðaflíkur, vera grænni, eða eiga flík sem kannski ekki allir eiga, eða skera þig úr, þá er buymychic.is fyrir þig.“

Þess má geta að flest merkjavaran hjá þeim er nýleg (ekki vintage), þó þeim finnist gaman að hafa vintage jafnframt. „Við erum með „showroom“ í 101 Reykjavík, þannig að allir eru velkomnir að koma og máta. Það eina sem þarf að gera er að panta tíma í gegnum vefsíðuna.“

Viðskiptin fara þannig fram að þegar viðskiptavinurinn kaupir sér vöru hjá á buymychic.is, þá er hún afgreidd næsta virka dag, en hægt er að velja á milli þess að sækja hana til þeirra í 101 Rvk eða fá vöruna senda heim í pósti. „Viðskiptavinurinn getur jafnframt pantað tíma, komið og mátað og keypt á staðnum ef eftir því er óskað. Okkur finnst alltaf rosalega gott að hitta kúnnana okkar.“

Svo er líka hægt að selja vörur hjá BMC og ferlið er einfalt. „Þegar þú selur vöru í gegnum okkur, þá sendir þú BMC línu í gegnum netverslun okkar, ásamt mynd af þinni vöru/vörum ásamt stuttri lýsingu, auk verðhugmyndar. Við samþykki vörunnar af BMC getur þú valið um að senda hana til okkar eða skila henni á skilastað. Í kjölfarið myndar BMC vöruna og þú færð svo staðfestingu um áætlað sölutímabil. Við sjáum svo um rest. Það er einungis tekin þóknun ef varan selst.“

Klæðaburður listform

En hvernig myndi Tinna lýsa sínum eigin fatastíl?

„Ég myndaði mér ung skoðun á fötum, klæðaburði og útliti. Að mínum dómi er klæðaburður ekkert annað en listform og tjáning. Ég er búin að fara í gegnum alls konar tímabil í stíl, en mér finnst alltaf mikilvægast að líða vel og vera í þægilegum fötum, sem henta því sem ég er að gera í hvert skipti og fer auðvitað eftir skapi líka. En því meira sem ég hef stílíserað í gegnum árin, því fleiri stíla hef ég tileinkað mér, þannig að ég get alveg verið minimalísk og tónal, en líka rosalega bóho og blóma, rokk og roll, kúreka og allt þar á milli. Svo ég er alls ekki með einhvern einn stíl. Mínar uppáhaldsflíkur í dag eru frá árunum 2013-2017.“ ■

ZHENZI Ayla stuttermabolur
Stærðir 42-56
Fullt verð kr. 8.990 - Útsala kr. 6.293

ZHENZI kvartermabolur
Stærðir 42-56
Fæst líka í bleiku
Fullt verð kr. 6.990 - Útsala kr. 4.893

ZHENZI Grev léttur peysubolur
Stærðir 42-56
Fæst líka í svörtu
Fullt verð kr. 6.990 - Útsala kr. 4.893

YESTA Benoy bolur
Stærðir 44-60
Fullt verð kr. 8.980 - Útsala kr. 6.286

YESTA Baru bolur
Stærðir 44-60
Fullt verð kr. 8.980 - Útsala kr. 6.286

ÚTSALA - ÚTSALA - ÚTSALA - ÚTSALA - ÚTSALA

ZHENZI Midi kjóll
Stærðir 42-56
Fæst líka í brúnu
Fullt verð kr. 10.990 - Útsala kr. 7.693

ZHENZI Gode kjóll
Stærðir 42-56
Fæst líka í brúnu
Fullt verð kr. 9.990 - Útsala kr. 6.993

ZHENZI tunika
Stærðir 42-56
Fæst líka í bleiku og svörtu
Fullt verð kr. 8.990 - Útsala kr. 6.293

YEST kjóll
Stærðir 44-50
Fæst líka í bláu
Fullt verð kr. 9.980 - Útsala kr. 6.986

IVY BELLA ermalaus kjóll
Stærðir 48-52
Fullt verð kr. 8.980 - Útsala kr. 6.286

Flott föt fyrir flottar konur

NO SECRET kvartermabolur
Stærðir 42-54
Fullt verð kr. 6.980 - Útsala kr. 4.886

ZEZE jakkapeysa
Stærðir 38-48
Fæst líka í bláu
Fullt verð kr. 8.990 - Útsala kr. 6.293

ZEZE Síður köflóttur jakki
Stærðir 40-46
Fæst líka í steingráu
Fullt verð kr. 10.990 - Útsala kr. 6.594

ZEZE Janel Shiffon kjóll
Stærðir 40-48
Fullt verð kr. 9.990 - Útsala kr. 6.993

TAMARIS sandalar
Stærðir 36-41
Fást líka í rauðu
Fullt verð kr. 11.990 - Útsala kr. 8.393

TAMARIS sandalar
Stærðir 40-41
Fullt verð kr. 7.990 - Útsala kr. 5.593

Verslunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Spænska leikkonan Ester Expósito kom á rauða dregilinn í þessum síða, fjólublúa og magalausa kjól frá tískuhúsinu Etro.

Fyrirsætan Bella Hadid var í hvítum og svörtum kjól eftir Jean Paul Gaultier frá árinu 2002.

Candice Swanepoel vakti athygli í þessum samfestingi frá Etro.

Elisa Sednaoui mætti í þessum græna pallíettukjól frá Alberta Ferretti.

Jessica Chastain mætti á rauða dregilinn í hlýralausum svörtum Dior Couture kjól.

Helen Mirren var í skærgulum kjól frá Dolce & Gabbana.

Spike Lee, forseti dómnefndar, var í skærbleikum jakkafötum frá Loius Vuitton og Air Jordan strigaskóm.

MYNDIR/GETTY

Tískan á fyrsta degi Cannes

Cannes-kvikmyndahátíðin hófst í vikunni og það var mikið af fólki sem vakti athygli á rauða dreglinum með sérlega glæsilegum klæðnaði.

oddurfreyr@frettabladid.is

Kvikmyndahátíðin í Cannes í Frakklandi hófst á þriðjudag og stjörnurnar nýttu tækifærið til að spóka sig í sínum fínustu flíkum af því tilefni. Hátíðin fór ekki fram á síðasta ári vegna faraldursins og það virtist eins og sumir væru að reyna að bæta upp fyrir skortinn á glamúr á síðasta ári með því að tvöfalda hann í ár.

Hátíðin stendur yfir til 17. júlí og þar verður fjöldi kvikmynda sýndur, þar á meðal íslenska kvikmyndin Dýrið eftir Valdimar Jóhannsson, sem var valin til þátttöku á hátíðinni. Fjöldinn allur af stórstjörnum mun því spóka sig á rauða dreglinum á næstunni og ef marka má fyrsta daginn verður öllu tjaldað til.

» Hátíðin stendur yfir til 17. júlí og þar verður fjöldi kvikmynda sýndur, þar á meðal íslenska kvikmyndin Dýrið eftir Valdimar Jóhannsson.

Ýmsir vöktu athygli með klæðnaði sínum á þessum fyrsta degi hátíðarinnar. Fyrirsætan Bella Hadid vakti mikla lukku í hvítum og svörtum kjól sem var úr vor/sumarsafni Jean Paul Gaultier frá árinu 2002 og leikkonan Jessica Chastain var talin sérlega glæsileg í hlýralausum svörtum Dior Couture kjól. Leikkonan Helen Mirren var líka tilkomumikil í skærgulum kjól frá Dolce & Gabbana og fyrirsætan Candice Swanepoel vakti athygli í glitrandi samfestingi. Leikstjórinn Spike Lee, sem er forseti dómnefndar hátíðarinnar, var ekki heldur feiminn við að láta taka eftir sér og mætti í skærbleikum jakkafötum frá Louis Vuitton og paraði þau með Air Jordan strigaskóm.

Hér sést aðeins hluti þeirra sem vöktu athygli með glæsilegum klæðnaði sínum á fyrsta degi hátíðarinnar og áhugafólk um tísku getur sannarlega leyft sér að hlakka til að fylgjast með því sem koma skal. ■

MARAÞON

Veglegt sérblað Fréttablaðsins um maraþon kemur út föstudaginn 30. júlí nk.

Í sérblaðinu Maraþon er tilvalið fyrir hin ýmsu góðgerðarfélög að kynna sig og benda hlaupurum um leið á frábært málefni til að styrkja.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

Jón Ívar Vilhelmsson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5654 / jonivar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

GEGGJUÐ ÚTSALA Í BÓEL

20-50% AFSLÁTTUR

RUNDHOLZ
STUDIOB3
KLAES&MYRAS
YAYA
MANDARINA DUCK
TRIPPEN

Bóel

KÍKTU VIÐ HJÁ OKKUR Á ÓÐINSGÖTU 1, 101 REYKJAVÍK
Sími 8341809 BOEL boelisland
Opið mánud. - föstud. 12-18 laugard. 12-16
www.boel.is

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

KRÓKUR

ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Bátar

MARÁS
TOHATSU
UTANBORÐSMÓTORAR

Léttir Kraftmiklir
Fyrirferðalitlir Sparneytnir
Hljóðlátir 3,5-250 hö

Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut

VEIÐIPORTID
Grandagarður 3 • S: 552-9940

Krabbagildrur
Aðeins 3.950.kr

Eigum einnig til fleiri gerðir á lager!
www.veidiportid.is

Þjónusta

Bókhald

Accountant ehf. Laugavegi 178, 105 Reykjavík S. 4900095 / info@accountant.is |www.accountant.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Garðyrkja

SLÁTTUVÉLAVIÐGERÐIR & SMÁVÉLAVIÐGERÐIR

SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTA
Vélaverkstæði JS
Sími: 554 0661

Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

PROSTONE
» Jarðvinna
» Drenlagnir
» Hellulagnir
» Þökulagnir
Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög
519 7780
prostone@prostone.is

Húsaviðhald

PROSTONE
» Smíðavinna
» Múrvinna
» Málningarvinna
Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög
519 7780
prostone@prostone.is

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.
Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.
Tímavinna eða tilboð.
Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Húsnæði

Atvinnuhúsnæði

Til leigu 50 m2 bil + milliloft. Hurð 3,7 m. Lager eða geymsla. Leiga: 109 þús. S: 661-6800

Húsnæði í boði

ÍBÚÐ Í 101 RVK TIL LEIGU
Falleg björt 56 fm íbúð til leigu í 101 Reykjavík. Mjög góð staðseting. Áhugasamir leggi inn tilboð merkt "falleg og björt" eða noti saga@grimur.de

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Til sölu

myranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

STIGA

Stiga TwinClip 50SQB
Lúxus sláttuvél með drifi
B&S mótor 625EXI,2,27kW
Tvískiptur hnífur, slær X-smátt
70 ltr.notendavænn graskassi
Frábær sláttuvél

VETRARSÓL
Askalind 4, Kóp.
Sími 564 1864
www.vetrarsol.is

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Til sölu

Háskólinn á Hólum auglýsir eftirfarandi hross til sölu

1. Sena frá Hólum IS2012258304 (BLUP 122 AE: 7,97)
   M: Ösp frá Hólum F: Kiljan frá Steinnesi
2. Framsókn frá Hólum IS2014258309 (BLUP 121 AE: 7:76)
   M: Þilja frá Hólum F: Svaði frá Hólum
3. Seiður frá Hólum IS2015158304 (BLUP: 120 AE:8,44)
   M: Ösp frá Hólum F: Trymbill frá Stóra-Ási

Skrifleg tilboð þurfa að berast skrifstofu skólans í síðasta lagi 23. júlí nk. Merkt: Háskólinn á Hólum, Guðmundur Eyþórsson – tilboð í hross (gbe@holar.is).

Áskilinn er réttur til að hafna öllum tilboðum.
Nánari upplýsingar á holar.is og worldfengur.com
Frekari upplýsingar hjá jansen@holar.is

Atvinna

Sölumaður

Sauna.is óskar eftir að ráða sölumann vegna ört vaxandi verkefna.

Um er að ræða mjög áhugavert, fjölbreytt starf sem felst í þjónustu við skemmtilegan hóp viðskiptavina. Starfið felst í almennri sölumennsku, tilboðsgerð og teikningu verkefna, aðstoð við lagerstörf, móttöku og afhendingu vara og ýmsu tilfallandi.

Hæfniskröfur:
- Mikil þjónustulund, þokkaleg enskukunnátta og almenn tölvukunnátta eru skilyrði.
- Þekking á einföld teikniforrit og reynsla af sölumennsku er kostur.
- Snyrtimennska, heiðarleiki og góð framkoma eru mikilvægir þættir.

Ef þú hefur áhuga á fjölbreyttu starfi á góðum vinnustað er þetta tækifæri fyrir þig. Nánari upplýsingar má fá hjá Páli í síma 860-4460.

Vinsamlega sendið umsóknir á netfangið pall@sauna.is **fyrir 1. ágúst.**

SAUNA SPA
Fjárfesting í vellíðan

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

Dáleiðsla
Hætta að reykja, betri svefn, léttast/þyngjast, og láta sér líða betur á margan annan máta.

Ingibjörg Bernhöft hjúkrunarfr. og dáleiðslukennari
s. 864 2627 • bernhoft@gmail.com
www.bernhoft.is

EYJALAND
Belti og undirvagnshlutir - fyrir smágröfur

Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Geymsluskúrar /gestahús til sölu

- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

Dáleiðsla og ráðgjöf
Ný markmið, hætta að reykja, sofa betur, minnka streitu. Dáleiðsla getur hjálpað við að bæta vellíðan.

Ingibjörg Bernhöft
BA sálfræði, jákvæð sálfræði, dáleiðslukennari
s. 863-8902 • ibernhoft@gmail.com
www.breytthugsun.is

viftur.is
Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir
íshúsið
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR
ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?

HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ
FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

FÆTUR TOGA

Ú T S A L A

20-60%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM

HÁGÆÐA HLAUPAFATNAÐUR OG BÚNAÐUR Á AFSLÆTTI.

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP

Kringlan 3. hæð - Höfðabakki 3 - Faeturtoga.is - Sími 55 77 100

Merkisatburðir

1362 Grimmilegur bardagi er háður á Grund í Eyjafirði, þar fara Eyfirðingar að Smiði Andréssyni hirðstjóra og mönnum hans og drepa þá.

1497 Vasco da Gama heldur í fyrsta leiðangur sinn til Indlands, umhverfis Afríku.

1903 Þessi dagur er talinn marka upphaf síldarsöltunar á Siglufirði og þar með síldarævintýrisins mikla.

1922 Ingibjörg H. Bjarnason er kjörin á þing fyrst kvenna á Íslandi og tekur hún sæti á Alþingi 15. febrúar 1923.

1926 Ríkisstjórn undir forsæti Jóns Þorlákssonar tekur til starfa.

1987 Ríkisstjórn undir forsæti Þorsteins Pálssonar sest að völdum. **Jóhanna Sigurðardóttir** á sæti í stjórninni og er þriðja konan til að gegna ráðherraembætti á Íslandi.

†

Ástkær eiginmaður minn,

Gunnlaugur Eiðsson

lést 5. júlí síðastliðinn.
Jarðsett verður í kyrrþey.

Fyrir hönd ástvina,
Edda Jónasdóttir

†

Okkar ástkæra,

Kristín Snæfells Arnþórsdóttir

Efstasundi 27, Reykjavík,

lést á Landspítalanum þann 3. júlí sl.
Útför auglýst síðar.

Fyrir hönd aðstandenda,
Guðbjörg Elísa Hafsteinsdóttir

†

Yndislega móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigrún Guðjónsdóttir

Greniteig 9, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, mánudaginn 5. júlí.
Útförin verður auglýst síðar.

Guðjón Sigurðsson
Bjarni Ásgrímur Sigurðsson
Sigurður Sigurðsson
Sveinbjörg Sigurðardóttir
Steinunn Njálsdóttir
Hansborg Þorkelsdóttir
Árný Þorsteinsdóttir
Guðsveinn Ólafur Gestsson
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Okkar elskaða móðir, tengdamóðir og amma,

Friðgerður Þórðardóttir

Brúnavegi 13, Reykjavík,
áður Hraunbæ 111, Reykjavík,

lést sunnudaginn 4. júlí á Hrafnistu í Reykjavík. Útförin fer fram frá Árbæjarkirkju fimmtudaginn 15. júlí kl. 15.00.

Logi Ragnarsson
Valur Ragnarsson
Jóhanna Kr. Steingrímsdóttir
Sigríður Björnsdóttir
Halla Hrund, Haukur Steinn, Ingunn Ýr, Vaka

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Steinlaug Sigurjónsdóttir
(Steina)

Vesturbergi 77,

lést á Landakoti aðfaranótt sunnudagsins 4. júlí síðastliðins.

Anna Marie Georgsdóttir
Sigurjón Georgsson
Reynir Georgsson
Steindór Steinþórsson
Eyrún Ólafsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Halldór Bjarki lék lengi vel aðallega á horn. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR G

Goldberg og semballinn

Halldór Bjarki enduruppgötvaði sig sem tónlistarmann þegar hann kynntist sembalnum. Hann flytur Goldberg-tilbrigðin í Hörpu á laugardag.

arnartomas@frettabladid.is

„Það hefur verið skrítið að vera kominn heim og sjá að hér er enginn með grímur. Það er eins og maður sé kominn aftur til fortíðarinnar," segir tónlistarmaðurinn Halldór Bjarki Arnarsson um nýlega heimkomu sína frá Basel. Hann kemur fram í tónleikaröðinni Velkomin heim í Hörpu á laugardag þar sem hann mun flytja Goldberg-tilbrigði Bachs á semball.

Svigrúm til tjáningar

Halldór er upprunalega hornleikari og lauk framhaldsprófi í hornleik frá Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar og næstu fjögur árin stundaði hann bakkalársnám við tónlistarháskólann í Hannover með horn sem aðalfag. Hann útskrifaðist frá öðru bakkalársnámi sínu árið 2020, að þessu sinni í semballeik við hinn konunglega tónlistarháskóla í Den Haag.

„Ég var alltaf hornleikari í grunninn en hef spilað á píanó frá því ég pínulítill," segir Halldór sem hefur spilað með alls konar hljómsveitum, allt frá poppi og yfir í djass. „Þegar ég var kominn í hornnámið í Hannover áttaði ég mig á því að ég var ekki alveg að finna mig í þessu. Það var verið að móta mann í hljómsveitarspilara sem gaf ekki svo mikið svigrúm fyrir listræna tjáningu."

> Að spila tilbrigðin er því góð leið til að hvetja mig áfram og sýna sjálfum mér að ég sé kominn með vald á hljóðfærinu.

Innri djassisti Halldórs losnaði þó úr fjötrum sínum þegar hann fór að spila á semball sem aukafag. „Ég var með frábæran kennara sem kynnti mig fyrir gömlu tónlistinni og barrokkheiminum," segir Halldór. „Það getur verið svo mikill spuni í því þegar maður spilar á semball – það sem spilað er er ekki meitlað í stein heldur er maður með bassa og tölur sem maður vinnur sig í kringum."

Flókið púsl

Goldberg-tilbrigðin, sem voru fyrst gefin út árið 1741, eru eitt frægasta verk barrokk tímabilsins og hafa verið vinsæl í gegnum aldirnar. Tilbrigðin voru skrifuð fyrir semball með tveimur hljómborðum og þar má vel heyra hvernig hægt er að nýta eina bassalínu til að flétta saman ólík tónlistarform.

„Tilbrigðin eru alls konar. Það eru þarna dansform sem búin eru til út frá hljómaganginum og bassalínunni, og hins vegar mjög virtúósísk tilbrigði þar sem hendurnar eiga það til að krossast hver yfir aðra á hljómborðinu," segir Halldór. „Svo eru kanónar eða keðjusöngvar sem eru eins og flókin púsluspil fyrir heilann."

Aðspurður um hvernig tilbrigðin urðu fyrir valinu á tónleikunum í Hörpu segir Halldór að hann hafi sótt um að spila á sembal-keppni í Mílanó. „Ég sendi inn upptöku fyrir það og hugsaði með mér að ef ég kæmist inn í þá keppni myndi ég spila það sama hér og ég spilaði þar. Svo komst ég ekki í keppnina, og þá hugsaði ég með mér að ef ég kæmist ekki þá myndi ég spila Goldberg-tilbrigðin," segir Halldór og hlær.

Sem tónlistarmaður segist Halldór hafa vaxið með verkinu þar sem hann byrjaði ekki að spila á sembal fyrr en mjög seint. „Að spila tilbrigðin er því góð leið til að hvetja mig áfram og sýna sjálfum mér að ég sé kominn með vald á hljóðfærinu. Þar fyrir utan er þetta nú bara eitt uppáhaldsverkiðmitt!" ■

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ásthildur Lilja Magnúsdóttir

lést þriðjudaginn 6. júlí á Hrafnistu í Hafnarfirði. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju 15. júlí kl. 15.00.

Ragnheiður Gunnarsdóttir
Magnús Gunnarsson
Sigurður Gunnarsson
Ásgeir Bjarnason
Elísabet Karlsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Pálmi Þór Andrésson

frá Kerlingardal,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands 2. júlí síðastliðinn.
Útför hans fer fram frá Víkurkirkju laugardaginn 10. júlí kl. 14.00.

Fyrir hönd aðstandenda,
Guðrún Áslaug Árnadóttir

Höfum opnað á Selfossi

komdu og skoðaðu úrvalið í glæsilegum sýningarsal okkar

www.tengi.is

Kópavogur – Smiðjuvegur 76 414 1000
Akureyri – Baldursnes 6a 414 1050
Selfoss – Austurvegur 69 414 1040

Veðurspá Fimmtudagur



Suðvestlæg eða breytileg átt, 3-8 m/s, en 8-13 NV-til og allra syðst. Skýjað en úrkomulítið S- og V-lands, en dálítil rigning NV-til. Bjart með köflum NA-til, en sums staðar þokuloft við sjávarsíðuna. Hiti 10 til 24 stig að deginum.

Skák Gunnar Björnsson

Svartur á leik

Hmelnickij átti leik gegn Katanskij í Sovétríkjunum sálugu árið 1988.

1...Hxe3! 2. Hxc5 (2. Rxe3 Bxe3+ 3. Kf3 Bg4+ 4. Kg2 Dc6+). 2...Hf3+! (2...Hxe2+! dugar líka). 3. Kxf3 Bg4+ 4. Kf4 Re6# 0-1. Í gær hófst afar sterkt atskákmót í Króatíu. Garry Kasparov sjálfur tekur þátt í hraðskákmóti sem fram fer um helgina.

www.skak.is: Nýjustu skákfréttir

Krossgáta

LÁRÉTT
1 KALSI
5 LÖNGUN
6 ÁTT
8 ÁTT
10 SAMTÖK
11 REIK
12 ERINDI
13 RÍKI Í ASÍU
15 TALA
17 GILDRA

LÓÐRÉTT
1 DRYKKUR
2 HLEYPA
3 ATVIKAST
4 UMSTANG
7 LÁTA Í LJÓS
9 ÁGANGUR
12 LÖGUR
14 LYFTIST
16 TÍMAEINING

LÁRÉTT: 1 rýsja, 5 ösk, 6 na, 8 stefnu, 10 aa, 11 rið, 12 vers, 13 irak, 15 nitján, 17 snara.
LÓÐRÉTT: 1 ræsavin, 2 ysta, 3 ske, 4 annir, 7 auðsýna, 9 frekja, 12 vatn, 14 ris, 16 ár.



Sudoku

6		1			2	5		
		2		5	9	8	1	
					3		4	6
	6		8				2	
	5	8	1		7			9
				6				
1	9	5		4				
				7			3	
4		7	9			1	8	

7			6		2	4		
	6	2	4			5	7	
							8	
		6	8	4	7			
					1		4	6
		5	2					7
				6	9			
	4			7		1		
6	1	7					3	

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Verk eftir Bjarna á sýningunni á Hverfisgötu.

Bjarni í Portfolio

kolbrunb@frettabladid.is

Laugardaginn 10. júlí opnar Bjarni Sigurbjörnsson myndlistarmaður sýningu í Galleríi Portfolio á Hverfisgötu 71. Þar tekur Bjarni fyrir málverk sem hugarhold.

Bjarni hefur haldið fjölda sýninga bæði hér heima og erlendis í rúma þrjá áratugi. Hann hefur kennt við alla helstu listaskóla landsins og staðið fyrir námskeiðahaldi. ■

Bjarni hefur haldið fjölda sýninga bæði hér heima og erlendis í rúma þrjá áratugi.

Litháískur leikstjóri í Borgarleikhúsið

kolbrunb@frettabladid.is

Litháíski leikstjórinn Uršulė Bartoševičiūtė mun leikstýra einu frægasta leikverki leikbókmenntanna, Macbeth eftir William Shakespeare, í Borgarleikhúsinu næsta vetur. Uršulė er ungur leikstjóri sem lærði undir handleiðslu Yönu Ross, sem íslenskum leikhúsunnendum er góðkunn sem leikstjóri Mávsins og Sölku Völku í Borgarleikhúsinu. Uršulė hefur getið sér gott orð sem einn mest spennandi ungi leikstjóri í Litháen.

Halldóra Geirharðsdóttir og Hjörtur Jóhann Jónsson fara með hlutverk Macbeth hjónanna og Sólveig Arnarsdóttir fer með hlutverk nornadrottningarinnar Hekötu. ■

Litháíski leikstjórinn Uršulė Bartoševičiūtė.



Verk eftir Rósku á sýningunni í Listasafni Árnesinga. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Það streymir úr iðunni

MYNDLIST

RÓSKA - Áhrif og andagift

Listasafn Árnesinga

Aðalsteinn Ingólfsson

Þeir eru orðnir býsna margir, íslensku myndlistarmennirnir, sem sett hafa mark á listþróun síðustu áratuga, en hafa enn ekki hlotið náð fyrir augum okkar helstu sérfræðinga og stofnana. Í dag ræðst orðstír þeirra af örfáum verkum – og oftast sömu verkunum – sem fyrir náð og miskunn rata inn í yfirlitsbækur eða á hópsýningar. Fyrir svo takmarkaðan „sýnileika“ er ólíklegt að ævistarf þeirra verði tekið til gagngerrar skoðunar í bráð. Hér erum við ekki einasta að tala um ósýnilega listamenn af elstu kynslóð, heldur einnig ágæta fulltrúa millistríðskynslóðar, abstraktmyndlistar og SÚM-hópsins. Hér þurfa að koma til skipulegar rannsóknir, yfirgripsmiklar sýningar og útgáfustarfsemi, svo að verk liðinna listamanna falli ekki í gleymskunnar dá. Taki þeir til sín sem eiga.

Nú er tæplega hægt að halda því fram að myndlistarleg arfleifð Ragnhildar Óskarsdóttur – Rósku (1940-1996) – hafi verið fyrir borð borin í seinni tíð. Aðstandendur hennar, ásamt Nýlistasafninu, settu upp sýningu á verkum hennar árið 2000 og um sama leyti var gefin út vönduð og elskuleg samantekt um ævi hennar og list, sem Hjálmar Sveinsson ritstýrði. Og nú stendur yfir sýning á verkum hennar og nokkurra yngri listakvenna, meintra sálufélaga hennar í nútíð, í Listasafni Árnesinga í Hveragerði.

Róska hafði tvímælalaust mikil áhrif á alla sem umgengust hana fyrir ómældan kynþokka sinn, hæfileika, eðlisgreind, ögrandi framkomu, ástríðufulla, pólitíska sannfæringu og sannfæringarkraft, það sem í stuttu máli er venjulega kallað „persónutöfrar“. Og kannski var það fyrst og fremst fyrir þessa töfra sem samferðamenn hennar – ekki síst karlmenn – voru reiðubúnir að fylgja henni allt til endimarka veraldarinnar, gegnum öfgafullar, pólitískar aksjónir sjöunda áratugarins úti á Ítalíu og hér heima, gegnum óburðuga kvikmyndagerð (og lentu sumir í verulegum fjárhagslegum erfiðleikum vegna hennar) og hvað eina annað sem henni datt í hug að framkvæma.

Aðgerðir eða myndlist?

Meira að segja miðaldra fulltrúar menningarelítunnar á landinu eins og Bragi Ásgeirsson og Kjartan Guðjónsson voru ekki alveg ónæmir fyrir þessum þokka, jafnvel þótt list Rósku gengi þvert á allt sem þeim var heilagt, sjá tilskrif þeirra um hana. Thor Vilhjálmsson, sem að öllu jöfnu hafði á sér vara gagnvart uppivöðslusömum unglistamönnum, birtir Rósku innfjálga hyllingu í formi eins konar konkretljóðs í tilefni af sýningu hennar árið 1967.

Ef Róska var „leiðandi afl á íslenskri myndlistarsenu á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar“, eins og haldið er fram í sýningarskránni í Listasafni Árnesinga (og ég dreg í efa), var það fyrst og fremst sem aðgerðasinni á vettvangi myndlistar, femínisma og stjórnmála, fremur en myndverkanna sem hún lét eftir sig? Spyr sá sem ekki er viss. Því enn hefur ekki verið haldin sýning sem tekur af allan vafa um það hvers konar myndlistarmaður Róska var, ekki sýningin í Nýló forðum daga, og sannarlega ekki sýningin í Listasafni Árnesinga. Satt best að segja er öllu minna að græða á þeirri síðarnefndu. Inn í heildarmyndina vantar mörg helstu málverk hennar og fjölda markverðra teikninga. Því verður myndin af henni þar á bæ fremur óskýr og lítilfjörleg. Í því samhengi er myndbandsupptakan af svokölluðum gjörningi Rósku í Nýlistasafninu árið sem hún lést, svo og málverkið sem varð til við það tækifæri, þeim mun hryggilegri. Og í framhaldinu erfitt að rökstyðja þær háfleygu lýsingar á margþættum afreksverkum listakonunnar sem finna má í annars efnismikilli sýningarskrá.

Ótal stefnur og straumar

Í rauninni er ævistarf Rósku svo lítið að vöxtum að hægðarleikur væri að sýna það í heild sinni í Listasafni Árnesinga. Við erum að tala um um það bil 20-30 málverk á striga, nokkra tugi teikninga og alls kyns blönduð verk, plaköt, grafíska hönnun, ljósmyndir og tölvuteikningar frá síðustu árum listakonunnar. Þetta er ekki sagt til að gera lítið úr listakonunni, heldur til upplýsingar á aðstæðum hennar. Þegar litið er til alls þess sem hún tók sér fyrir hendur á stuttri ævi, myndlistartilrauna, pólitískra aðgerða, kvikmyndaframleiðslu og leikstjórn, ferðalaga, að ógleymdum glaumi, gleði og neyslu hippatímabilsins, sætir í raun furðu hve miklu Róska kom í verk. Í ofanálag gekk hún aldrei heil til skógar, var þjáð af flogaveiki og þurfti að taka illþolandi lyf til að hafa hemil á henni.

Það sem máske flækir alla viðleitni til að komast til botns í verkum Rósku er að í baklandi hennar, Rómarborg, rekast saman ótal margar stefnur og straumar: Popplistin, byrjunin á ítölsku „arte povera“ listinni, nýdada, nýsúrrealismi, gjörningalist og pólitísk, abstrakt-expressjónísk list og hrálist Dubuffets og félaga, að ógleymdum Flúxus og öðrum uppivöðslustefnum tímabilsins. Kannski má segja að flest af þessu rúmist undir merki hins herskáa súrrealisma sem grasseraði á meginlandinu, ekki síst í París á sjötta áratugnum (Erró kemur þar við sögu). Það segir sína sögu að á síðasta gjörningnum í Nýló, 1996, skuli Róska sérstaklega lofsyngja þess konar súrrealisma, áfenga blöndu af Breton og Trotsky, þar sem markmiðið er endurlausn mannsins, hins ytra sem innra.

Fyrir það hvað myndin af Rósku er óskýr er erfitt að sjá að hve miklu leyti fylginautar hennar á sýningunni, listakonurnar fimm, tengjast henni í svokölluðu „Iðustreymi“. Opin hugtök eins og hið „mannlega“, „náttúrulega“, „dulúðuga“, „ljóðræna“, „femíniska“ og fleira eru tæpast nógu þénug til lýsingar á nánum tengslum. Af því sem blasir við á sýningunni eru það einungis verk Kristínar Gunnlaugsdóttur, grófar, ágengar og erótískar ísaumsmyndir, sem eiga beint erindi við verk Rósku. Við förum heldur ekki erindisleysu á fund þeirra. ■

Það sætir í raun furðu hve miklu Róska kom í verk, segir Aðalsteinn Ingólfsson.

Því enn hefur ekki verið haldin sýning sem tekur af allan vafa um það hvers konar myndlistarmaður Róska var.

Við erum flutt í Hallarmúla 2

Verið velkomin

Opnunarhátíð

fimmtudag - laugardags

Fjöldi tilboða!

Hallarmúli 2 I Laugavegur 11 I s: 510 9505 I fjallakofinn.is

RIF
RESTAURANT

Hádegistilboð
2.090 kr

Val á milli tveggja rétta,
nýjir réttir í hverri viku!

Forréttatilboð
Premium vængir og drykkur
1.790kr
Gildir alla daga til 17:00

Kaffitilboð
Vaffla/súkkulaðikaka &
kaffi/kakó/gos
1.290kr

Virka daga frá 14-17:00
Laugardaga 12-17:00

/rifrestaurant
/rifrestaurant

HAPPY HOUR
ALLAN DAGINN
ALLA DAGA

Fimmtudagur

Hringbraut

18.00 Saga og samfélag (e) Saga og samfélag er þáttur þar sem málefni líðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.
18.30 Fréttavaktin úrval Helstu fréttir vikunnar með Margréti Erlu Maack
19.00 Mannamál - Björn Ingi Hrafnsson (e) Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.
19.30 Suðurnesja-magasín Vikurfrétta (e) Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum
20.00 Sir Arnar Gauti (e) Lífsstílsþáttur með Arnari Gauta sem fjallar um heimili, hönnun, matar- og veitingahúsamenningu, arkitektúr og margt fleira.
20.30 Fréttavaktin úrval Helstu fréttir vikunnar með Margréti Erlu Maack

RÚV Sjónvarp

11.00 Heimaleikfimi
11.10 Sumarlandabrot
11.15 Hið sæta sumarlíf
11.45 Eystrasaltsfinnarnir
12.15 Útúrdúr Íslenski arfurinn
13.00 Fólkið í landinu Helgi Áss Grétarsson
13.25 Faðir, móðir og börn
13.55 Út og suður
14.20 Kæra dagbók
14.50 Popppunktur 2010 Hjaltalín - Feldberg
15.45 Lífsins lystisemdir
16.15 Reimleikar
16.45 Gestir og gjörningar Café ópera
17.20 Íþróttagreinin mín - Sleðar
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Maturinn minn
18.12 Undraverðar vélar
18.26 Nýi skólinn
18.39 Lúkas í mörgum myndum
18.48 Miðaldafréttir Hvernig voru handritin skrifuð?
18.50 Sumarlandabrot 2020
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.40 Sumarlandabrot
19.50 Danskt háhýsi í New York Dansk skyskraber i New York
20.35 Leigjendur óskast Stath Lets Flats
21.00 Skuggaleg skógarferð Picnic at Hanging Rock
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Glæpahneigð Criminal Minds
23.00 Framúrskarandi vinkona. Saga af nýju ættarnafni My Brilliant Friend. The Story of a New Name
00.00 Dagskrárlok

Stöð 2 Golf

10.05 Herminator Invitational
10.45 Herminator Invitational
11.25 PGA Profiles. How I Won
11.30 European Tour Bein útsending frá Aberdeen Standard Investments Scottish Open.
17.30 PGA Special. One Shot Away
17.55 PGA Special. One Shot Away
18.20 PGA Tour Profiles
18.30 PGA Tour. The Cut
19.00 PGA Tour Bein útsending frá John Deere Classic.
22.00 PGA Special. AT&T Every Shot Counts - Charity Event

Sjónvarp Símans

06.00 Síminn + Spotify
12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 The Block
15.05 Life Unexpected
15.50 90210
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 The Block
20.10 Kokkaflakk
20.45 Hver ertu? Hver ertu? Hver er persónan bak við nafnið?
21.15 Venjulegt fólk
21.45 Systrabönd
22.30 The Royals
23.15 The Late Late Show
00.00 Love Island
00.55 Ray Donovan
01.45 Yellowstone Dramatísk þáttaröð með Kevin Costner í aðalhlutverki.
02.30 Gangs of London
03.30 Síminn + Spotify

RÚV Rás eitt

06.43 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Pianógoðsagnir 2. þáttur Benno Moiseiwitsch
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Sumarmál. Fyrri hluti
12.00 Fréttir
12.03 Það sem skiptir máli Virðing
12.20 Hádegisfréttir
12.42 Hádegið Fyrri og seinni hluti
13.00 Dánarfregnir
13.02 Sumarmál. Seinni hluti
14.00 Fréttir
14.03 Söngvamál Ást til sölu
15.00 Fréttir
15.03 Flakk Flakk um Hotel Curio by Hilton við Víkurtorg
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Tengivagninn
17.00 Fréttir
18.00 Kvöldfréttir
18.10 Brot úr Morgunvaktinni
18.30 Hljómboxið Búbblurnar mæta Trommunum
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Sumartónleikar
20.30 Þættir úr sögu tvífarans
21.10 Íslendingasögur Guðrún Hallgrímsdóttir
21.40 Kvöldsagan. Sögukaflar af sjálfum mér (8 af 23)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Sumarmál. Fyrri hluti
23.05 Sumarmál. Seinni hluti
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

Stöð 2 Bíó

11.35 Batman. Hush
12.55 End of Sentence
14.30 How To Be Single
16.15 Batman. Hush
17.35 End of Sentence
19.10 How To Be Single
21.00 Blind Rómantísk mynd frá 2017 með Alec Baldwin, Demi Moore og Dylan McDermott.
22.40 Sorry to Bother You
00.30 Dark Crimes
02.00 Blind

Stöð 2

08.00 Heimsókn
08.15 The Mentalist
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 The Good Doctor
10.05 Last Man Standing
10.30 Gilmore Girls
11.10 Ísbíltúr með mömmu
11.35 Friends
11.55 Nettir Kettir
12.35 Nágrannar
12.55 God Friended Me
13.35 Friends
14.00 Jamie Cooks Italy
14.45 Nostalgía
15.05 Temptation Island
15.50 Making It
16.35 Keeping Faith
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.45 Sportpakkinn
18.55 Börn þjóða
19.25 Hell's Kitchen Í þessari þáttaröð etur Ramsey reynsluboltum á móti nýliðum í hörkuspennandi keppni. Átta fyrrverandi keppendur úr þáttunum mæta aftur til leiks til að keppa á móti átta kappsfullum nýliðum sem ætla ekki að gefa neitt eftir.
20.10 The Titan Games
21.25 NCIS. New Orleans
21.35 A Black Lady Sketch Show
22.10 Brave New World
23.05 Prodigal Son
23.50 Bancroft
00.30 The Mentalist
01.15 The Good Doctor
01.55 Last Man Standing
02.20 Friends
02.40 Temptation Island
03.25 Making It Ótrúlega frumlegir og fyndnir þættir í umsjá spéfuglanna Amy Poehler og Nick Offerman.

Stöð 2 Sport

09.00 Valur - Njarðvík Útsending frá leik í Dominos deild karla.
10.25 Þór Þ. - ÍR
11.45 Keflavík - Grindavík
13.10 Dominos Körfuboltakvöld
14.35 Breiðablik - Stjarnan Útsending frá leik í Lengjubikar kvenna.
16.10 Víkingur R. - ÍA Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
17.55 FH - Sligo Rovers Bein útsending frá leik í annarri umferð forkeppni UEFA Europa Conference League.
20.00 Pepsi Max Mörkin
21.00 Orkumótið
21.45 FH - Haukar Útsending frá leik í Olís deild kvenna.
22.55 Fram - Valur Útsending frá leik í Olís deild kvenna.
00.10 Seinni bylgjan - kvenna

Stöð 2 Sport 2

08.35 Seattle Seahawks - Dallas Cowboys
11.35 Tampa Bay Buccaneers - LA Chargers
14.00 Stoke - Nottingham Forest
15.45 England - Þýskaland
17:25 Phoenix Suns - Milwaukee Bucks
19:15 Rennes - Chelsea
20:55 Svíþjóð - Úkraína
23:15 Dinamo Zagreb - CSKA Moskva
01:00 Phoenix Suns - Milwaukee Bucks Bein útsending frá leik í NBA.

19|08
FIMMTUDAGUR
KL.**20:00**

20|08
FÖSTUDAGUR
KL.**20:00**

NýKlassík & Sinfó

Sinfóníuhljómsveit Íslands á stefnumót við marga af vinsælustu tónlistarmönnum landsins á stórtónleikum í Eldborg. Bríet, Cell7, Flóni, GDRN, Joey Christ, JóiPé og Króli, Logi Pedro og Reykjavíkurdætur flytja lög sín í nýjum órafmögnuðum útsetningum. Hljómsveitarstjóri er Daníel Bjarnason. Fáðu þér sæti á sinfonia.is.

Miðasala
sinfonia.is
harpa.is

Þegar Jón Mýrdal fær hluti á heilann stöðvar hann fátt og í kvöld opnar hann djassbúlluna Skuggabaldur við Austurvöll, en honum telst til að á undanförnum átta árum hafi hann opnað nýjan stað á tveggja ára fresti. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR GEIRSSON

Skuggabaldur gleypti fjögur tonn af múrsteini

Sá umsvifamikli veitingamaður Jón Mýrdal opnar djassbúlluna Skuggabaldur við Austurvöll í kvöld, eftir gagngerar breytingar á húsnæðinu við hlið Hótel Borgar, sem fólu meðal annars í sér að eigendurnir þöktu veggi staðarins sjálfir með fjórum tonnum af enskum múrsteini.

TOTI@FRETTABLADID.IS

Jón Mýrdal hefur verið frekur til fjörsins í skemmtanalífi miðborgarinnar á liðnum árum og opnar í kvöld enn einn barinn, djassbúlluna Skuggabaldur, í rótgrónu barstæði við hlið Hótel Borgar.

„Ég er búinn að ganga fram hjá þarna margoft í gegnum tíðina," segir Jón, sem er fyrir löngu búinn að sjá spennandi möguleika í rýminu sem áður hefur til dæmis hýst Íslenska barinn og Kaffibrennsluna.

„Þetta gekk náttúrlega rosa vel sem Kaffibrennslan einhvern tímann í „næntísinu" og svo hefur alls konar kjaftæði verið þarna. Benidorm og eitthvað og mig langaði bara einhvern veginn að opna á þessum stað með þessari pælingu. Ég er í raun og veru búinn að vera að hugsa þetta í fjögur ár eða eitthvað. Þá var ég bara að gera annað."

Jón haslaði sér fyrst völl með Bravó þar sem 22 var áður og hefur verið á fullu síðan þá. „Fyrst var það Bravó, síðan Húrra, Messinn og Röntgen. Mér sýnist þetta vera svona um það bil einn staður á tveggja ára fresti á síðustu átta árum. Og nú er bara Skuggabaldur málið," segir Jón, sem hefur sleppt takinu af öllum fyrri stöðunum. „Ég er nýbúinn að selja Röntgen til að einhenda mér í þetta verkefni."

Jón flutti um fjögur tonn af enskum múrsteini til landsins og þakti veggi staðarins með þeim sjálfur. Hörkupuð sem hann telur, sáttur við útkomuna, vel hafa borgað sig. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR GEIRSSON

Múrsteinar og kolaryk

Jón veður einbeittur í þessi verkefni sín og hefur haft yfirumsjón með öllum þeim gagngeru breytingum sem gerðar hafa verið á húsnæðinu. „Þetta er geggjað," segir Jón og hvergi leynir sér að hann er hæstánægður með útkomuna. „Ég keypti eldgamla múrsteina frá Englandi sem eru úr iðnaðarhúsnæði sem var rifið. Á Englandi rífa þeir bara húsin stein fyrir stein. Það er bara svoleiðis. Þannig að það er kolaryk á þeim, sumir eru brotnir og þeir eru bara alls konar. Það var ártal á einhverjum þeirra og það var 1800 og eitthvað.

Það eru allir veggir klæddir með þessum gamla múrstein. Ég og Snorri Helgason límdum þá upp sjálfir," segir Jón, um meðeiganda sinn, tónlistarmanninn Snorra Helgason og segir eigendurna ekkert hafa talið þetta eftir sér.

> Mér sýnist þetta vera svona um það bil einn staður á tveggja ára fresti á síðustu átta árum. Og nú er bara Skuggabaldur málið.

„Já, já. Þetta er bara „handmade" af athafnamanninum Jóni Mýrdal og þjóðlagagaularanum Snorra Helgasyni. Þetta var hræðilega mikil vinna en það borgar sig, þetta er geggjaðslega flott," segir Jón, með sínu prakkaralega glotti. „Snorri er nú kallaður skallafolkarinn," heldur Jón áfram og vísar í þjóðlagahefðina. „En ég segi nú bara þjóðlagagaularinn."

En hvernig í veröldinni datt þér í hug að fara að flytja inn múrsteina frá Englandi?

„Ég bara fæ einhverja hluti á heilann," segir Jón ýkjulaust, en fyrir örfáum árum var stærðarinnar heilaæxli, sem ógnaði lífi hans, fjarlægt. „Og mér fannst þetta geggjað og ákvað bara að taka inn meira en fjögur tonn af múrsteinum.

Það var ekkert mál að finna þetta. Það eru fyrirtæki sem sérhæfa sig í að selja svona en þetta er ekkert selt á Íslandi. Ég þurfti bara að hafa samband við eitthvert fyrirtæki í Bretlandi.

Múrsteinarnir eru svona meginþemað og svo er svona smá art deco. Ég hannaði þetta einhvern veginn bara í ferlinu, eins og ég hannaði Bravó, Húrra og Röntgen."

Djössuð lágstemning

Jón segir aðspurður að illmögulegt sé að lýsa Skuggabaldri í einföldu máli. „Hann er svo rosalega margt. Þetta er vín- og kokteilbar og matur. Léttur matur, svona uppfærður barmatseðill. Og svo er þetta einhvers konar djassbúllu, „dive" bar. Ég veit ekki alveg hvað „dive" bar er á íslensku en í New York er þetta kallað dive bar."

Eftir því sem næst verður komist eru slíkir barir yfirleitt litlir, látlausir og gamaldags. Drykkir eru iðulega í ódýrari kantinum og algengara en ekki er að neonljósaskilti með áfengisauglýsingum blikki gestina í daufri lýsingunni innan um veðraðar innréttingar. „Þetta er voða notalegt og tónlistin er ekki neitt sérstaklega hátt spiluð."

Tónlistin er þó engu að síður í forgrunni og Jón segir að á mánudögum verði hún alltaf lifandi. „Það eru föstu giggin okkar með húsbandinu sem er skipað strákum sem byrjuðu hjá mér á Húrra! fyrir nokkrum árum."

Jón segir húsbandið „alveg geggjaðslega næs" og bætir við að tónleikakvöldin verði fleiri og til standi að skipta ýmsum böndum inn á miðvikudögum, fimmtudögum og föstudögum. „Við ætlum að taka þetta rólega til að byrja með, en það verða alltaf og reglulega allaveganna tvö gigg að meðaltali í viku."

Jón segir að þótt Skuggabaldur sé vissulega djassbúlla vilji hann fara varlega með þann stimpill. Hann sé jafnvel dálítið smeykur við hann. „Þetta er svona djassbúlla en innan þess rúmast aðeins meira en bara djasstónlist. Ég vil alveg kalla þetta djassbúllu en þetta verður aðeins fjölbreyttara en það. Við erum kannski ekki alveg að fara í dinnertónlist en verðum líka í einhverju „soft folk" dæmi líka." ■

Kjöris
Hafðu það sætt og gott í sumar!
Hlunkur
Lúxus
Saltkaramellu ispinni
Lúxus roppis
Nýtt
Lúxus flaug
MAMBÓ
PÓNÍS
Nýtt
KARDE MOMMU BÆRINN
FREKJU DOLLA
SIRKUS
GULLIVER
Nýtt
m&m's
SNICKERS
Mars
Ice Cream
Nýtt

STÆRRI PIZZUR
LÆGRA VERÐ
SPAÐINN
Fjarðargata 11 · Dalvegur 32b

Ingimar Bjarni Sverrisson leikari sækir í drjúgan reynslubanka sinn sem jöklaleiðsögumaður í einleiknum Guide to Guiding sem hann er risinn upp með úr Covid-doðanum og sýnir á Fringe Festival. MYND/SVERRIR KRISTINSSON

Hræðileg manneskja hrellir leiðsögumann undir jökli

Leikarinn Ingimar Bjarni Sverrisson er risinn upp úr veirudoðanum á Fringe Festival með einleikinn Guide to Guiding sem hann byggir á reynslu sinni sem jöklaleiðsögumaður þar sem ævintýralega hræðileg manneskja undir Langjökli kemur meðal annars við sögu.

thorarinn@frettabladid.is

Hræðilegasti Íslandsgestur sem Ingimar hefur tekið á móti kemur við sögu í sýningunni. MYND/SVERRIR KRISTINSSON

Leikarinn og leiðsögumaðurinn Ingimar Bjarni Sverrisson náði að frumsýna einleik sinn Guide to Guiding á Reykjavik Fringe Festival við góðar undirtektir, áður en allt lagðist í Covid-dvala í fyrra. Upprisinn er hann mættur aftur til leiks á Fringe-hátíðinni þar sem hann á tvær sýningar eftir, á föstudags- og laugardagskvöld.

Áður en heimsfaraldurinn djúpfrysti ferðaþjónustuna á Íslandi hafði Ingimar starfað í rúm þrjú ár sem leiðsögumaður, aðallega í ísgöngunum í vestanverðum Langjökli, þangað sem hann sótti innblástur fyrir verkið sem hann byggir á eigin reynslu.

Hann fléttar saman sönnum sögum, Íslandsgríni og veitir um leið innsýn í „skrýtinn og litríkan heim massa-túrisma“, eins og hann orðar það. Allt er þetta síðan kryddað með smá boðskap um lífið, með áherslu á tilveruna í þjónustustarfi.

Hryllingur undir jökli

„Þarna eru reynslusögur af trúlofunum uppi á jökli og verstu manneskju sem ég hef nokkurn tímann hitt,“ segir Ingimar og varpar frekara ljósi á erfiðasta gest sem hann hefur þurft að taka á móti. „Þetta var alveg ævintýralega hræðileg manneskja. Svo slæm að eftir túrinn sem ég tók með henni komu þrír mismunandi starfsmenn til mín, hver í sínu lagi, og sögðu:

„Vá! Sorrí að þú hafir þurft að díla við þetta.“ Þetta var svolítið ævintýri og ég er búinn að sjóða þetta saman í þennan einleik,“ segir leikarinn um hitt starfið sitt, sem hefur reynst honum gjöful uppspretta.

„Þetta byrjaði þannig að ég skrifaði sannsagnabálk sem lokaverkefni í ritlist, þannig að ég var rosamikið í þeim gír og mikið að hugsa um hvernig maður gerir fyndnar sögur úr raunveruleikanum. Síðan var þetta bara einhvern veginn þannig að þegar maður leit í kringum sig þarna hugsaði maður: „Það er svolítið mikið af efni hérna.“

> Þarna eru reynslusögur af trúlofunum uppi á jökli og verstu manneskju sem ég hef nokkurn tímann hitt.

Einleiknar smásögur

Ingimar segist upphaflega hafa skrifað röð af smásögum í einleikjaformi en verkið hafi tekið nokkrum breytingum þegar hann þróaði það með leikstjóranum Tryggva Rafnssyni.

„Við erum systrasynir,“ segir Ingimar um skemmtikraftinn og leikarann, frænda sinn, en þeir stunduðu báðir nám við Rose Bruford leiklistarskólann í London. „Það eru að verða komin tvö ár síðan ég bar þessa hugmynd undir hann. Honum leist helvíti vel á þetta og við unnum þetta mjög mikið saman,“ segir Ingimar.

„Í kófinu í fyrra var ég á hlutabótaleiðinni og lítið að gera hjá honum sem var ákveðin blessun, því þá höfðum við höfðum rosalega góðan tíma í að vinna þetta alveg í döðlur.

Ýkt útgáfa

Eftir fimmtán drög og í það minnsta fjórar lokaútgáfur kom alltaf meira leikhús inn í þetta og það varð til svona ýkt karakterútgáfa af leiðsögumanni og þetta var ekki lengur bara ég að segja sögur.

Það er samt enn þá alveg heill hellingur af mér, en samt ekki alveg sami gaurinn. Ég tek líka fyrir alla flóruna af leiðsögumönnum í sýningunni, en maður hittir náttúrlega ýmsar týpur í þessu. Marga skemmtilega og eftirminnilega.“

Út úr kófinu

Ingimar segir að eftir að kófinu slotaði sé allt að fara í gang hjá honum aftur. Bæði á sviði og uppi á jökli. „Ég er bara nýkominn aftur með gömlu vinnuna mína. Ég var bara svo heppinn að þeim líkaði það vel við mig að þeir hringdu í mig þegar allt var að fara af stað aftur. Þannig að ég verð allavega að leiðsegja eitthvað áfram.“

Ingimar á tvær sýningar eftir á Fringe í Aðalstræti 2, klukkan 19 á föstudags- og laugardagskvöld. „Síðan er óljóst með framhaldið en ég vona að það verði fleiri tækifæri til þess að sýna þetta.“ ■

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

KFC

KÝLDU Á EINN BLAZIN' BOXMASTER

STAKUR

1.499 kr.

Zinger kjúklingabringa, beikon, kartöfluskífa, ostur, kál, salsa og chipotle-sósa í mjúkri tortillu.

1.999 kr.

MÁLTÍÐ

Blazin' Boxmaster, 3 Hot Wings, franskar, gos að eigin vali og Conga Xtra.

SUMAR ÚTSALA 26% AFSLÁTTUR

LICATA
hornsófi

Hornsófi í Kentucky koníak áklæði. Hægri eða vinstri tunga. Svartir nettir járnfætur. Stærð: 262 x 226 x 82 cm

Fullt verð: 269.990 kr.

Aðeins **215.920 kr.**

SUMAR ÚTSALA 40% AFSLÁTTUR

LICATA
u-sófi

Licata u-sófi í Kentucky koníak áklæði. Hægri eða vinstri tunga. Svartir nettir járnfætur. Stærð: 366 x 226 x 82 cm

Fullt verð: 369.990 kr.

Aðeins **221.940 kr.**

SUMAR ÚTSALA 20% AFSLÁTTUR

ALLAR MJÚKVÖRUR
Sængur, koddar, sængurföt, lök, hlífðardýnur, handklæði og aðar mjúkvörur á **20% afslætti.**

SUMAR ÚTSALA 20% AFSLÁTTUR

AUSTIN
3ja sæta sjónvarpssófil – rafdrifinn

Stillanlegur 3ja sæta sjónvarpssófi. Hægra og vinstra sæti hallanlegt með skemli. Miðsæti niðurfellanlegt og verður borð.Grátt leður á slitflötum. Stærð: 198 x 95 H: 98 cm.

Fullt verð: 234.900 kr.

Aðeins **187.920 kr.**

Sealy **SEATTLE**
heilsurúm með classic botni

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

Vönduð og góð, millistíf heilsudýna
með pokagormum sem gefa fullkominn stuðning. Hún er svæðaskipt og því mýkri á okkar þyngstu stöðum eins og öxlum og mjöðmum. Náttúrulegt Talalay latexi í bland við mismunandi svamptegundir gefur henni gott loftflæði..

CLASSIC BOTN OG FÆTUR 20% AFSLÁTTUR

Sealy Seattle með Classic botni og löppum

Stærð í cm	Fullt verð	Útsöluverð
Sealy Seattle 90x200	114.900 kr.	**83.930 kr.**
Sealy Seattle 120x200	150.900 kr.	**109.730 kr.**
Sealy Seattle 160x200	179.900 kr.	**130.930 kr.**
Sealy Seattle 180x200	194.900 kr.	**141.930 kr.**
Sealy Seattle 180x200	219.900 kr.	**159.930 kr.**
Sealy Seattle 200x200	234.900 kr.	**170.930 kr.**

SUMAR ÚTSALA 30% AFSLÁTTUR AF DÝNU

Sealy **BOSTON**
heilsurúm – dýna, botn og gafl

SUMAR ÚTSALA 40% AFSLÁTTUR

Boston City heilsurúmin frá Sealy fást í tveimur stærðum; 160x200 og 180x200 cm. Þau koma í tveimur gráum tónum af Viva áklæði, dökkum og ljósum. Botn, dýna og gafl eru klædd sama áklæði sem gefur rúminu glæsilegt útlit. Dýnan er svæðaskipt pokagormadýna. Efst er mjúk og þægileg yfirdýna sem styður vel við líkama þinn. Botninn er með gormum (Boxspring) sem gefur viðbótarfjöðrun.

Boston 160 x 200 cm
Dormaverð: 279.900 kr.

Aðeins **167.940 kr.**

Boston 180 x 200 cm
Dormaverð: 299.900 kr.

179.940 kr.

Afgreiðslutími Rvk
Mán. til fös. kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-17
Sun. 13-17 (Smáratorg)

Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

HEILSUDÝNUR OG -RÚM | SÓFAR | SVEFNSÓFAR | STÓLAR | MJÚK- OG DÚNVÖRUR | BORÐ OG SMÁVÖRUR

DORMA SMÁRATORGI
OPIN Á SUNNUD.
KL. 13-17

DORMA
Láttu drauminn rætast

LOKAHELGI ÚTSÖLUNNAR

LÝKUR MÁNUDAGINN 12. JÚLÍ

www.dorma.is
VEFVERSLUN
ALLTAF OPIN

AUKINN AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM
EKKI MISSA AF ÞESSU

Sumar útsala

ALLT AÐ {60%} AFSLÁTTUR

DORMA
Láttu drauminn rætast

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut

550 5000

RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

Bakþankar

Kolbeins Marteinssonar

Doði á EM

Ég á margar góðar minningar frá stórmótum í fótbolta. Þannig er Evrópukeppnin (EM) ‘84, með rifnum stuttbuxum Preben Elkjærs og heimsmeistarakeppnin (HM) ‘86 í Mexíkó með danska dýnamítinu og Maradonna eitthvað sem ég aldrei gleymi. Síðan komu þau eins og vorið, stórmótin EM og HM í fótbolta annað hvert slétt ár. Hvílík dýrð og gleði, með fótbolta á hverjum degi. Það var því langt síðan að ég hét sjálfum mér því, að ef íslenska karlalandsliðið í fótbolta kæmist á lokamót þá skyldi ég fara. Ég fór því til Frakklands og Rússlands eins og 10% þjóðarinnar. Þetta voru dásamlegar ferðir. Kvöldið góða í Nice þegar við unnum Englendinga er og verður eitt besta kvöld ævi minnar.

Þegar þetta er ritað er EM í fótbolta í hámarki. Það stórmót hefur hinsvegar lit sínum glatað hvað mig varðar. Ég horfi á leiki með löndum sem ég studdi áður með öskrum og ópum nú með kyrrð og ró, nýt þess að horfa á góðan, tilfinningasnauðan fótbolta. Vona jafnvel að hitt liðið jafni svo við fáum framlengingu og vítaspyrnukeppni!

Sannleikurinn er sá að þegar maður hefur upplifað það að sjá Ísland stíga inn á völlinn, sjá bláa hafið í stúkunni, heyra þjóðsönginn sunginn af tugum þúsunda og vökna um augu og finna gæsahúð spretta um allan líkamann þá verður EM eða HM án Íslands hjóm eitt, miðað við það sem áður var. Eftir að hafa fengið tækifæri til að upplifa þessa dýrð, þá get ég aldrei haldið með annarri þjóð á stórmóti öðruvísi en með hálfum hug. Við megum því vera þakklát fyrir að hafa upplifað slíka dýrð. Því vona ég að næsta stórmót verði meira blátt og hvítt til vara og laust við deyfð og doða. Áfram Ísland. ■

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN Í MEST LESNA ATVINNUBLAÐI LANDSINS!*

*Samkvæmt prentmælingum Gallup

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

BYKO

GÁMASALA!

8.-14.júlí



26%

Tilboðsverð

Rafhlöðusláttuvél

Frábær vél sem nær 36V afköstum með Ryobi Lithium Fusion tækni. Tvær 18V Lithium+ rafhlöður fylgja með sem nýtast í önnur One+ Ryobi tæki. 50L safnpoki.

Þú sparar: 35.000

98.995

7133002803

Almennt verð: 133.995

RYOBI

x2

Allt að 50% afsláttur!

SUMAR ÚTSALA

-25% Napoleon grill

*ekki Honda

-25% Bensínsláttuvélar*

-25% Trampólín

-20% Háþrýstidælur

-25% Hekkklippur

-20% Flísar

-25% Inniljós

*ekki rafmagns

-20% Reiðhjól*

-25% Garðhúsgögn

-20% Eldhústæki

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

Sjá fleiri tilboð á byko.is

Verslaðu á netinu byko.is